

Úttekt á leikskólanum Leikbæ 2011

Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið



Árný Elíasdóttir og Kristín Björk Jóhannsdóttir

ATTENTUS
mannauður & ráðgjöf

Efnisyfirlit

Heildarmat.....	5
Formáli.....	6
1. Inngangur.....	7
1.1. Gagnaöflun.....	7
2. Leikskólinn.....	8
2.1. Áherslur og stefna leikskólans.....	8
2.2. Rekstur og stjórnun.....	9
2.3. Starfsandi og skólabragur.....	10
2.4. Starfsáætlun.....	10
2.5. Skólaþróun.....	11
2.6. Lög og reglugerðir.....	13
2.7. Hagræðingaraðgerðir sveitarfélags.....	13
2.8. Húsnæði og aðbúnaður.....	14
2.8.1. Leikskólinn.....	14
2.8.2. Umhverfi leikskólans og útileiksvæði.....	15
2.9. Mat úttektaraðila.....	15
3. Skólanámskrá leikskóla.....	17
3.1. Skólanámskrá leikskólans Leikbæjar og tengsl við aðalnámskrá.....	17
3.2. Tengsl skólanámskrár skólafestnu sveitarfélags.....	17
3.3. Áhersla á tiltekna þætti.....	18
3.4. Hugmyndafræði.....	18
3.5. Sérstakar námskrár og sérstaða skólans.....	18
3.6. Þátttaka og áhrif.....	18
3.7. Tengsl skólastiga.....	19
3.8. Mat úttektaraðila.....	19
4. Námsvið og námsþættir aðalnámskrár.....	20
4.1. Hreyfing.....	20
4.2. Málrækt.....	21
4.3. Myndsköpun.....	21
4.4. Tónlist.....	21
4.5. Náttúra og umhverfi.....	22
4.6. Menning og samfélag.....	22
4.7. Mat úttektaraðila.....	23

5.	Dagskipulag og innra starf á leikskólanum	23
5.1.	Uppeldi og menntun – dagskipulag á leikskólanum	24
5.2.	Hópatímar	24
5.3.	Leikurinn.....	24
5.4.	Leikefni og efniviður	25
5.5.	Mat úttektaraðila	25
6.	Innra mat.....	25
6.1.	Mat úttektaraðila	26
7.	Mannauður.....	26
7.1	Fjöldi starfsmanna, stöðugildi og menntun.....	26
7.2.	Verkaskipting og starfslýsingar	27
7.3.	Starfsþjálfun og símenntun	27
7.4.	Fundir og boðskipti	28
7.5.	Jafnrétti	28
7.6.	Mat úttektaraðila	28
8.	Börnin	29
8.1.	Líðan	29
8.2.	Lýðræði.....	30
8.3	Mat úttektaraðila	30
9.	Foreldrar	30
9.1.	Foreldraráð.....	31
9.2.	Foreldrafélag.....	31
9.3.	Lýðræði og þátttaka	31
9.4.	Samskipti heimilis og leikskólans.....	31
9.5.	Mat úttektaraðila	32
10.	Sérkennsla barna og sérfræðipjónusta sveitarfélagsins.....	33
10.1.	Samstarf við heilsugæslu og sérfræðipjónusta sveitarfélagsins.....	33
10.2.	Mat úttektaraðila	34
11.	Mat og eftirlit sveitarfélagsins	34
11.1.	Mat úttektaraðila	35
12.	Niðurstöður höfunda	35
12.1	Styrkleikar og veikleikar, ógnanir og tækifæri	36
12.2.	Tillögur til úrbóta.....	36
13.	Heimildaskrá	38
	Fylgiskjöl	39

Heildarmat

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á leikskólanum Leikbæ i Dalvíkurbyggð. Markmið hennar er að leggja mat á starfsemi leikskólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Í úttektinni er lagt mat á stjórnun, skipulag og stefnu skólastarfsins auk þess sem gerð er grein fyrir því hvernig innra mat skólans og ytra mat og eftirlit sveitarfélagsins nýtist leikskólanum.

Úttektin leiðir í ljós að Leikbær hefur skýrt leiðarljós, stefnu og markmið sem eru í góðu samræmi við aðalnámskrá leikskóla. Skólinn uppfyllir kröfur aðalnámskrár um námssvið og námsþætti, metnaður stendur til skólaþróunar og helmingur starfsmanna eru leikskólakennarar. Unnið er að fjölmörgum þróunarverkefnum en smæð skólans og fámennur starfsmannahópur gerir skólanum erfitt um vik að sinna þeim með fullnægjandi hætti. Starfsandi er nú góður, starfsmenn taka þátt í ákvörðunum, starfslýsingar liggja fyrir í flestum störfum og unnið er að gerð starfsmannahandbókar. Allir starfsmenn hafa undirbúningstíma og ánægja ríkir með skólastarfið hjá foreldrum og starfsmönnum. Mjög vel er staðið að upplýsingagjöf til foreldra, aðlögum nýrra barna og börnunum virðist líða vel. Sveitarfélagið Dalvíkurbyggð sýnir mikinn faglegan metnað í skólamálum með stefnumótun, stuðningi, eftirliti og ráðgjöf. Dalvíkurbyggð skoðar nú hvort sameina eigi leik- og grunnskóla á Árskógsströnd.

Helstu styrkleikar skólans eru umhverfi hans, þróunarverkefni um útikennslu og upplýsingagjöf til foreldra og að helmingur starfsmannahópsins eru leikskólakennarar. Þá liggur fyrir skýr stefna og vel gerð skólanámskrá en veikleikar eru þeir helstir að ekki er unnið nægilega markvisst út frá henni né tekur starfið í skólanum mið af henni. Leikskólinn er mjög lítil eining og starfsmenn fáir, sem veldur því að erfitt getur reynst fyrir skólann að sinna þeim verkefnum sem metnaður starfsmanna og sveitarfélags stendur til, og skapar það mikið álag. Húsnæði uppfyllir ekki reglugerð um aðbúnað starfsmanna og barna og fullnægir hvorki kröfum um brunavarnir né byggingareglugerðir. Ekki virðist vera nægilegt traust á milli stjórnenda skólans og fræðslu- og menningarsviðs. Innra mat er ekki nægilega markvisst.

Helstu tillögur um úrbætur eru þær að þróunarverkefnum leikskólans verði fækkað þannig að leikskólinn geti einbeitt sér betur að hverju verkefni til aukins árangurs. Skilgreina þarf ítarlegar markmið og leiðir í þróunarverkefni um útikennslu og tengja þannig betur námsþáttum aðalnámskrár og daglegu starfi leikskólans og auka lýðræðislega þátttöku barnanna í skólastarfinu. Finna þarf leiðir til að bæta samstarf leikskólans og fræðslusviðs sveitarfélagsins. Innra mat skólans þarf að vera markvissara og skoða þarf hvernig bæta megi húsnæði leikskólans.

Formáli

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á leikskólanum Leikbæ á Dalvík.

Úttektin er unnin á vegum Attentus – mannauður og ráðgjöf fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Höfundar skýrslunnar eru Árný Elíasdóttir og Kristín Björk Jóhannsdóttir.

Skýrsluhöfundar þakka stjórnendum, starfsfólki, börnum, foreldrum, sviðstjóra fræðslu- og menningarsviðs og formanni fræðsluráðs fyrir góðar móttökur, aðstoð við gagnaöflun og samstarf á meðan á úttektinni stóð.

Reykjavík, 30. maí 2011.

Árný Elíasdóttir, Kristín Björk Jóhannsdóttir

1. Inngangur

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á leikskólanum Leikbæ í Dalvíkurbyggð. Úttektin er gerð á grundvelli 20. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og samkvæmt þriggja ára áætlun ráðuneytisins um úttektir á leikskólastigi. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi leikskólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Í úttektinni skal m.a. leggja mat á stjórnun, skipulag og stefnu skólustarfsins auk þess sem gera þarf grein fyrir því hvernig innra mat skólans og ytra mat og eftirlit sveitarfélagsins nýtist leikskólanum.¹ Áherslur og óskir sveitarfélagsins um úttektina eru að úttektin eflí leikskólustarfið enn frekar, dragi fram styrkleika þess og veikleika og geti gagnast fleiri leikskólum í Dalvíkurbyggð.²

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Attentus – mannauði og ráðgjöf, að gera úttektina. Höfundar skýrslunnar eru Árný Elíasdóttir og Kristín Björk Jóhannsdóttir. Í henni er í upphafi sagt frá gagnaöflun og aðferðum við úttektina. Síðan er gerð grein fyrir leikskólanum Leikbæ í Dalvíkurbyggð og niðurstöðum úttektarinnar og gerð grein fyrir styrkleikum, veikleikum, ógnunum og tækifærum skólans. Að lokum eru tillögur til úrbóta og fylgiskjöl.

1.1. Gagnaöflun

Tekin voru viðtöl við leikskólastjóra og deildarstjóra, fundað með öðrum starfsmönnum, spjallað við hóp barna og rætt við fulltrúa úr foreldraráði/foreldrafélagi. Þá var fundað með sviðsstjóra fræðslu- og menningar sviðs Dalvíkurbyggðar og formanni fræðsluráðs.

Markmiðið með viðtölunum og fundum var að fá fram viðhorf mismunandi aðila til leikskólustarfsins og var stuðst við viðtalsramma sem tók mið af þeim þáttum sem mat mennta- og menningarmálaráðuneytisins beindist að. Auk ofangreindra viðtala, funda og vettvangsskoðunar byggir úttektin á lögum og reglugerðum um leikskóla, skólanámskrá leikskólans og gögnum um starfsemi hans (sjá nánar í heimildaskrá).

¹ Úr erindisbréfi til úttektaraðila 8.02.2011

² Umsókn Dalvíkurbyggðar um úttekt á leikskólanum Leikbæ 14.september 2011.

2. Leikskólinn

Leikskólinn Leikbær var stofnaður 19. september 1985 og er einn af þremur leikskólum sem Dalvíkurbyggð rekur. Árið 1990 flutti skólinn í núverandi húsnæði á Árskógsströnd.³ Leikbær er einnar deildar, einsetinn leikskóli, ætlaður börnum á aldrinum níu mánaða til sex ára. Börnin hafa mest verið 24 á skólaárinu og er þeim skipt í fjóra hópa eftir aldri. Í Ofurhetjuhópi eru börn fædd 2005 - 2007, í Stóra- eplahópi eru börn fædd 2007 og 2008, í Kisuhópi eru börn fædd 2009 og í Stubbahópi eru börn fædd 2009 og 2010. Eitt barn hefur verið í skólavistun eftir hádegi.⁴ Boðið er upp 4 - 7,45 klst. sveigjanlegan vistunartíma og er leikskólinn opinn frá 7:45-16:30. Starfsmenn Leikbæjar eru sex auk starfsmanns í afleysingum.

2.1. Áherslur og stefna leikskólans

Leiðarljós Leikbæjar:

Leikbær leggur áherslu á útikennslu og nám í gegnum leik. Í útiverunni gefast ótal tækifæri til náms og börnin fá raunverulegar upplifanir af því sem þau eru að fást við. Markmið leikskólans er að börnin verði sjálfstæðir og félagslega sterkir einstaklingar sem bera virðingu fyrir mismunandi menningu fólks og umhverfi.⁵

Unnið er eftir hugmyndafræði fræðimannanna, John Dewey, Friedrich Fröbel og Jean Piaget og lögð áhersla á hreyfingu, leik og virðingu.

Leikskólafstefna fyrir Dalvíkurbyggð var samþykkt í apríl 2011.⁶ Stefnuna vann nefnd sem í áttu sæti formaður fræðsluráðs, kennsluráðgjafi og leikskólakennari. Að sögn formanns fræðsluráðs og sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs voru drög stefnunnar rýnd af hagsmunaaðilum, s.s. foreldraráðum, Samtökum heimilis og skóla og af stjórnendum og starfsmönnum leikskólanna. Stefnan byggir á nýjum lögum um leikskóla og er gert ráð fyrir að unnið verði eftir uppeldisstefnunni *Uppeldi til ábyrgðar*, sem m.a. tekur mið af lýðræði, jafnrétti og mannréttindum, og lögð er sérstök áhersla á læsi, umhverfismennt og útiveru. Í framhaldi af þessari vinnu er gert ráð fyrir að Leikbær endurskoði sína stefnu í tengslum við gerð nýrrar skólanámskrár.⁷ Að mati stjórnenda Leikbæjar hefði aðkoma leikskólanna mátt vera meiri í tengslum við mótun stefnunnar. Að sögn sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs var fyrirkomulag vinnunnar rætt við stjórnendur sem ekki gerðu athugasemdir við vinnulag. Leikbær skilaði umsögn um stefnuna til fræðslusviðs í nóvember 2010.⁸ Stjórnendur Leikbæjar sögðu að tímaskortur hefði m.a. haft

³ Heimasíða Dalvíkurbyggðar.

⁴ Viðtal við leikskólastjóra og deildarstjóra, 13. apríl 2011.

⁵ Starfsáætlun 2011. Leikbær. Fræðslusvið Dalvíkurbyggðar.

⁶ Leikskólafstefna Dalvíkurbyggðar.

⁷ Viðtal við leikskólastjóra og deildarstjóra, 13. apríl 2011. Viðtal við sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs og formann fræðsluráðs Dalvíkurbyggðar, 13. apríl 2011.

⁸ Viðtal við sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs og formann fræðsluráðs Dalvíkurbyggðar, 13. apríl 2011. Umsögn frá Leikbæ. Gögn frá fræðslu- og menningarsviði í maí 2011.

hamlandi áhrif á þátttöku þeirra í stefnumörkuninni.⁹ Ákvörðun um mótun stefnunnar var tekin á fundi fræðsluráðs 2. júlí 2010.¹⁰

2.2. Rekstur og stjórnun

Við leikskóla skal vera leikskólastjóri sem stjórnar starfi hans í umboði rekstraraðila. Leikskólastjóri stjórnar daglegum rekstri og starfi leikskóla og gætir þess að leikskólastarf sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá leikskóla, skólanámskrá og önnur gildandi fyrirmæli... Leikskólastjóri gerir rekstraraðila og bæjarstjórn grein fyrir starfsemi leikskóla í ársskýrslu.¹¹

Sveitarfélög bera ábyrgð á starfsemi leikskóla. Sveitarfélög hafa forustu um að tryggja börnum leikskóladvöl og bera ábyrgð á heildarskipan skólahalds í leikskólum sveitarfélags, þróun einstakra leikskóla, húsnæði og búnaði leikskóla, sérúrræðum leikskóla, sérfræðipjónustu, mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd leikskólastarfs í sveitarfélagi.¹²

Sveitarfélagið Dalvíkurbyggð ber ábyrgð á starfsemi leikskólans lögum samkvæmt¹³ og rekur hann. Á skipuriti Dalvíkurbyggðar heyrir leikskólinn undir fræðslu- og menningarsvið og er sviðsstjóri yfirmaður þess. Hlutverk sviðsins er að koma ákvörðunum fræðsluráðs í framkvæmd og vera stefnumótandi fyrir skólastofnanir byggðarlagsins og stuðla að því að hver skóli verði framúrskarandi á sínu sviði.¹⁴

Leikskólastjóri stjórnar daglegu starfi leikskólans og ber hann rekstrarlega sem og faglega ábyrgð á starfi hans.¹⁵ Hann ber einnig ábyrgð gagnvart sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs og skal fara að fyrirmælum hans.¹⁶ Leikskólastjóri er í 50% stjórnunarhlutfalli og er deildarstjóri staðgengill leikskólastjóra í fjarveru hans.¹⁷ Fjárhagsáætlun er skilað til bæjarstjórnar og fær leikskólinn fjármagn að teknu tilliti til fjölda barna og menntunar starfsmanna.¹⁸ Leikskólinn hefur staðist fjárhagsáætlun og skilaði t.d. rekstrarafgangi árið 2009.¹⁹

Í starfsmannastefnu Dalvíkurbyggðar segir um ábyrgðarmörk og starfshætti stjórnenda: „Stjórnandi er leiðtogi undirmanna sinna í þeirri viðleitni að veita sem besta þjónustu við íbúa sveitarfélagsins samkvæmt stefnu bæjarstjórnar. Hann hefur samráð við undirmenn sína um framkvæmd stefnunnar en þeir taka þátt í mikilvægum ákvörðunum sem varða starfsvettvang þeirra.“²⁰ Að sögn stjórnenda Leikbæjar er lögð áhersla á að allir starfsmenn komi að ákvörðunum og þeir hafi tillögurétt og að tekið sé tilliti til þeirra út frá faglegum forsendum.²¹ Í viðtali við starfsmenn kom fram að allir væru þátttakendur þegar verið væri að skipuleggja starfið.

⁹ Viðtal við leikskólastjóra og deildarstjóra, 13. apríl 2011.

¹⁰ Heimasíða Dalvíkurbyggðar.

¹¹ Lög um leikskóla, nr. 90/2008, 5. gr.

¹² Lög um leikskóla nr. 90/2008, 4. gr.

¹³ Lög um leikskóla 90/2008, , 4. gr.

¹⁴ Heimasíða Dalvíkurbyggðar.

¹⁵ Námskrá Leikbæjar, 2007.

¹⁶ Starfsmannastefna Dalvíkurbyggðar.

¹⁷ Viðtal við leikskólastjóra og deildarstjóra, 13. apríl 2011.

¹⁸ Viðtal við leikskólastjóra og deildarstjóra, 13. Apríl 2011.

¹⁹ Viðtal við sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs og formann fræðsluráðs Dalvíkurbyggðar, 13. apríl 2011. Starfsáætlun 2011.

Leikbær. Fræðslusvið Dalvíkurbyggðar

²⁰ Starfsmannastefna Dalvíkurbyggðar.

²¹ Viðtal við leikskólastjóra og deildarstjóra, 13. apríl 2011.

Þeir sögðu að ekki væri stjórnað með „hörku“ heldur fengju þeir að taka þátt í ákvörðunum. Þeir sögðust leita jafnt til leikskólastjóra og deildarstjóra með bæði fagleg og persónuleg mál. Árið 2010 gerði sveitarfélagið könnun meðal starfsmanna, m.a. á stjórnun, en starfsmönnum Leikbæjar fannst að hún gæti verið rekjanleg sökum fárra starfsmanna.²² Í könnunni tóku þátt tveir starfsmenn og niðurstaðan var í heild jákvæð fyrir leikskólann. Að sögn sviðsstjóra fræðslu- og menningarráðs er nú leitað leiða til að kanna hug starfsmanna á áreiðanlegri máta.²³

Í viðhorfskönnun Leikbæjar sem gerð var meðal foreldra árið 2008 segjast 90% foreldra mjög sammála því að vel gangi að ná tali af stjórnendum þegar þeir þurfi á því að halda. Meirihluti, eða 79%, segjast mjög sammála og 21% frekar sammála því að leikskólastjóri taki vel í málefni sem þeir bera undir hann. 87% segjast mjög sammála og 13% frekar sammála því að deildarstjóri taki vel í málefni sem þeir bera undir hann. Viðhorfskönnun foreldra var gerð á vegum fræðslu- og menningarsviðs í mars 2010. Svörun var dræm, en sjö foreldrar eða tæp 44%, tóku þátt. Að sögn leikskólastjóra var ástæðan fyrir lítilli svörun sú að spurningar voru m.a. um aldur barna og þar sem fá börn eru í hverju árgangi á Leikbæ hafi verið auðvelt að rekja svör til einstakra foreldra.²⁴ Í könnuninni kom fram að tæp 43% segja mjög gott að leita til leikskólastjóra, rúm 14% frekar gott, tæp 29% svara hvorki né og eitt foreldri er mjög óánægt (14,3%). Allir sem tóku þátt í könnuninni sögðust mjög sammála um að gott væri að leita til deildarstjóra.²⁵ Í kjölfar könnunarinnar sótti leikskólastjóri námskeið og ráðgjöf. Í viðtali við foreldra í foreldraráði/foreldrafélagi kom fram að þeir væru ánægðir með stjórnun leikskólans.²⁶

2.3. Starfsandi og skólabragur

Stefna leikskólans er, eins fram kemur í skólanámskrá, að starfsmönnum líði vel. Starfsandinn er að sögn stjórnenda góður. Jákvæðni og gleði ríki í starfsmannahópnum og samvinnan sé góð. Starfsmenn sögðu að starfsandinn hefði verið erfiður en væri nú orðinn góður. Haldnir hefðu verið fundir í leikskólanum til að bæta hann, allir væru nú ánægðir og til staðar væri sveigjanleiki á báða bóga.²⁷

2.4. Starfsáætlun

*Leikskólastjóri gefur árlega út sérstaka starfsáætlun. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir árlegri starfsemi leikskóla, svo sem skóladagatali og öðru því sem varðar starfsemi leikskólans.*²⁸

Leikskólastjóri hefur ávallt skilað sveitarfélaginu starfsáætlun.²⁹ Starfsáætlun Leikbæjar fyrir skólaárið 2011, sem einnig er ársskýrsla 2010, er hluti af starfsáætlun fræðslusviðs

²² Fundur með starfsmönnum Leikbæjar 13. apríl 2011.

²³ Viðtal við sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs og formann fræðsluráðs Dalvíkurbyggðar, 13. apríl 2011.

²⁴ Upplýsingar frá leikskólastjóra í maí 2011.

²⁵ Viðhorfskönnun til foreldra leikskólabarna í Dalvíkurbyggð 2010.

²⁶ Viðtal við foreldra 13. apríl 2011.

²⁷ Viðtal við starfsmenn, 13. apríl 2011

²⁸ Lög um leikskóla nr. 90/2008, 14. gr.

²⁹ Viðtal við sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs og formann fræðslusviðs Dalvíkurbyggðar, 13. apríl 2011.

Dalvíkurbyggðar sem er ítarlegt plagg með samræmdum upplýsingum um alla skóla sveitarfélagsins. Í henni er að finna lykiltölur skólanna, gerð grein fyrir leiðarljósi og hlutverki Leikbæjar, innra starfi skólans og helstu verkefnum 2010 meginverkefnum 2011, upplýsingaflæði og kostnaðaráætlun til þriggja ára.³⁰

2.5. Skólaþróun

Þróunarverkefni skal byggja, eftir því sem kostur er, á reynslu og rannsóknum annarra. Þá þarf oft að leita frekari upplýsinga í fagritum, sækja fyrirlestra eða fræðast um efnið með öðrum hætti.

Verkefni þarf að afmarka miðað við markmið, aðstæður og metnað. Gera þarf ítarlega áætlun um alla þætti verkefnisins.³¹

Um þróunarstarf segir í námskrá Leikbæjar að markmið þess sé að leita leiða sem miða að endurbótum og nýbreytni í leikskólastarfinu.³² Leikbær tekur nú þátt í nokkrum þróunarverkefnum: *Leikskólalæsi*, *Útikennslu*, *Innleiðingu Uppeldis til ábyrgðar*, *Töfraheimi stærðfræðinnar* og *Grænánaverkefni*.

Haustið 2009 var byrjað að vinna að þróunarverkefninu *Leikskólalæsi*.³³ Það er samstarfsverkefni allra leikskóla í Dalvíkurbyggð og fræðslu- og menningarsviðs. Verkefnið tengist þróunarverkefninu *Byrjendalæsi* í grunnskólanum. Markmiðið með verkefninu er að efla málþroska barna og tungumálsvitund þeirra. Ekki er verið að kenna börnunum að lesa eftir hefðbundnum leiðum í leikskólanum, en verið er að leggja góðan grunn fyrir lestrarnám í grunnskóla. Nýlega fékkst styrkur úr Þróunarsjóði námsgagna til að útbúa námsgögn. Þau verða birt á netinu svo starfsfólk annarra leikskóla geti nýtt sér þau.³⁴

Þróunarverkefni um útikennslu hófst í Leikbæ árið 2009 og er til verkáætlun fram á haust 2011. Leikskólinn sótti um styrk til Sprotasjóðs og er meginmarkmið verkefnisins að vekja áhuga leikskólabarna á umhverfi og náttúru auk þess að efla þroska, leik og sjálfstraust þeirra.³⁵ Leikskólinn fékk ekki umbeðinn styrk en ákveðið hefur verið að halda áfram þróunarstarfi en gefa því lengri tíma en upphaflega var áætlað. Starfsfólk hefur sótt ýmis námskeið tengd útikennslu og heimsótt útikennsluleikskóla bæði hér á landi og í Svíþjóð og er mikil þekking til staðar í leikskólanum.³⁶

Verið er að innleiða *Uppbyggingarstefnuna - Uppeldi til ábyrgðar* í sveitarfélaginu. Á heimasíðu Dalvíkurbyggðar undir liðnum *Þróunarverkefni í skólum* segir að ákveðið hafi verið veturinn 2008 - 2009 að innleiða sameiginlega uppeldisstefnu í Grunnskóla Dalvíkurbyggðar og öllum

³⁰ Starfsáætlun 2011. Fræðsluvið Dalvíkurbyggðar.

³¹ Aðalnámskrá leikskóla 1999:45

³² Námskrá Leikbæjar, 2007.

³³ Upplýsingar í tölvupósti frá leikskólastjóra. apríl 2011.

³⁴ Heimasíða Dalvíkurbyggðar.

³⁵ Upplýsingar í tölvupósti frá leikskólastjóra. Apríl 2011.

³⁶ Viðtal við leikskólastjóra og deildarstjóra og fundur með starfsfólki, 13. apríl 2011.

leikskólum sveitarfélagsins. Fræðsla og kynning fyrir starfsfólk hófst veturinn 2009 - 2010. Gert er ráð fyrir að fjögur til fimm ár taki að innleiða stefnuna.

Í janúar 2011 hóf Leikbær þátttöku í þróunarverkefninu *Töfraheimur stærðfræðinnar* sem nær til flestra skóla sveitarfélagsins.³⁷ Viðfangsefni leikskólans er „að nota stærðfræðina sem er samofin lífi og leik barnanna og nýta sér þau tækifæri sem bjóðast dags daglega til stærðfræðilegra vangaveltna. Ekki er unnið með skrifleg reikningsdæmi.“

Markmið verkefnisins eru:

- „að efla skilning barna á tölum og aðgerðum
- að við lok leikskóla hafi börn fjölbættan skilning á tölum a.m.k. upp í 10 og þekki tákni þeirra
- að börn þekki ýmis stærðfræðileg hugtök
- að börn þekki nöfn hinna ýmsu forma
- að efla rökræna hugsun.“³⁸

Unnið hefur verið að því að innleiða Grænfánann. Þetta starf hófst veturinn 2008 - 2009 og hafa allir skólar sveitarfélagsins tekið þátt í því. Leikbær hefur lokið fjórum skrefum af sjö í átt að *Grænfánanum*. Stefnt er að því að taka síðustu skrefin á þessu ári. Í leikskólanum starfar umhverfisnefnd sem í eiga sæti elsti árgangur leikskólans, einn fulltrúi foreldra, leikskólastjóri og verkefnisstjóri.³⁹

Dalvíkurbyggð hefur sótt um styrk fyrir þróunarverkefni *Verðmæti felast í foreldrum* og gert er ráð fyrir að leikskólinn Leikbær taki þátt í hluta verkefnisins verði börn ef erlendum uppruna í skólanum og styrkur til þess fáist.⁴⁰

Stjórnendur sögðust hafa átt hugmyndina að útikennslunni sem hefði í upphafi mætt andstöðu frá starfsfólki og foreldrum. Sú andstaða hefði að þeirra mati verið vegna skorts á upplýsingum og fræðslu. Síðan hefði verkefnið gengið mjög vel, starfsfólk hefði áhuga á verkefninu og staðsetning leikskólans hentaði vel til útikennslu. Undir það tóku starfsmenn og fulltrúar foreldra sem rætt var við. Það sem helst kemur í veg fyrir að farið sé á fullt við að innleiða útikennsluna er að mati stjórnenda skortur á tíma til að útfæra verkefnið frekar.⁴¹

Á árunum 2005 - 2007 var unnið í leikskólanum þróunarverkefni um fjölmenningu og fjölmenningarlega kennsluhætti. Þetta var gert á þeirri forsendu að 17% barnanna í leikskólanum voru á þessu tímabili af erlendum uppruna. Markmið verkefnisins var m.a. að bæta starfsumhverfið

³⁷ Viðtal við leikskólastjóra og deildarstjóra, 13. apríl 2011.

³⁸ Stærðfræði í námskrá Leikbæjar. Minnisblað frá fræðslu- og menningarsviði 27.apríl 2011.

³⁹ Upplýsingar frá leikskólastjóra. apríl 2011. Heimasíða Dalvíkurbyggðar. Starfsáætlun 2011. Leikbær. Fræðsluvið Dalvíkurbyggðar.

⁴⁰ Minnisblað leikskólastjóra v/ úttektar mars 2011. Viðtal við sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs 13.04.2011.

⁴¹ Viðtal við leikskólastjóra og deildarstjóra, 13. apríl 2011.

þannig að það kæmi betur til móts við þarfir barnanna og foreldra þeirra.⁴² Stjórnendur töldu að verkefnið hefði meðal annars leitt til þess að í dag er heimasíða leikskólans mjög myndræn.⁴³

Hugmyndir að *Grænfánaverkefninu*, *Útikennslu* og fjölmeningarverkefni urðu til í Leikbæ.⁴⁴ *Leikskólalæsi*, *Uppeldi til ábyrgðar* og stærðfræðiverkefnið voru ákveðin af starfshópi sem kemur að vali verkefna á vegum sveitarfélagsins og í situr m.a fulltrúi leikskólastjóra. Sérhver leikskóli getur ákveðið sjálfur hvort hann tekur þátt í þróunarverkefnum.⁴⁵

Stjórnendur sögðust telja að of mörg þróunarverkefni væru í gangi í einu en reynt væri að gera allt eins vel og hægt væri. Sveitarfélagið hvetti skólann til að sækja um styrki til þróunarstarfs en oft á tíðum gæfist ekki nægilega mikill tími til að sinna því. Stjórnendur höfðu orð á að gott samstarf væri við þann starfsmann sveitarfélagsins sem stýri verkefninu *Uppeldi til ábyrgðar* en þeim fyndist stundum of mikil stýring og miklar kröfur í sumum þróunarverkefnum á vegum sveitarfélagsins.⁴⁶ Starfsmenn sögðu að tíma vantaði til að vinna að þróunarverkefnum og of mikið væri orðið að gera. Þeir töldu að ekki væri verið að vinna mjög markvisst að leikskólalæsi og ekki væri unnið að heilum hug við hvert og eitt þróunarverkefni m.a. vegna fárra starfsmanna.⁴⁷ Í viðtali við sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs og formann fræðsluráðs kom fram að í Leikbæ fá ófaglærðir starfsmenn undirbúningstíma, 2 klst. á viku, og kemur þá inn starfsmaður í afleysingar. Þá getur starfsfólk fengið frídag til eflingar þekkingar og greitt verður fyrir vinnukvöld vegna námsgagnagerðar til þess að koma til móts við þarfir skólanna fyrir fræðslu við innleiðingu þróunarverkefna.⁴⁸

2.6. Lög og reglugerðir

Foreldraráð er starfandi við leikskólann og er það eina breytingin sem orðið hefur í starfsemi leikskólans með tilkomu laga um leikskóla nr.90/2008.⁴⁹ Að sögn stjórnenda hafa löggin ekki haft í för með sér aukinn kostnað í leikskólanum.⁵⁰

2.7. Hagræðingaraðgerðir sveitarfélags

Hagræðingaraðgerðir sveitarfélagsins felast m.a. í því að opnunartími hans var stytur haustið 2009 um hálfu klukkustund en ef foreldrar fjögurra barna eða fleiri óska eftir vistun til 17:00 þá verði reynt að verða við því.⁵¹

⁴² Upplýsingar frá leikskólastjóra. Apríl 2011.

⁴³ Viðtal við leikskólastjóra og deildarstjóra, 13. apríl 2011.

⁴⁴ Viðtal við leikskólastjóra og deildarstjóra, 13. apríl 2011.

⁴⁵ Viðtal við sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs Dalvíkurbyggðar og formann fræðsluráðs 13. apríl 2011.

⁴⁶ Upplýsingar frá leikskólastjóra. Apríl 2011.

⁴⁷ Viðtal við leikskólastjóra og deildarstjóra, 13. apríl 2011. Viðtal við sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs Dalvíkurbyggðar og formann fræðsluráðs 13. apríl 2011.

⁴⁸ Viðtal við starfsmenn Leikbæjar, 13. apríl 2011.

⁴⁹ Viðtal við sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs Dalvíkurbyggðar og formann fræðsluráðs 13. apríl 2011.

⁵⁰ Viðtal við leikskólastjóra og deildarstjóra, 13. apríl 2011.

⁵¹ Viðtal við leikskólastjóra og deildarstjóra, 13. apríl 2011.

⁵² Upplýsingar sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs Dalvíkurbyggðar um bókun fræðsluráðs 2009,

Einnig hafa starfsmannafundir, sem voru að kvöldi til, verið fluttir yfir á dagvinnutíma og þá daga lokar leikskólinn frá hádegi fjórum sinnum á ári.⁵²

2.8. Húsnæði og aðbúnaður

Gerð leikskólahúsnæðis skal taka mið af þörfum barna og þeirri starfsemi sem fram fer í leikskóla. Leggja skal áherslu á öruggt og rúmgott náms- og starfsumhverfi. Húsnæði og allur aðbúnaður skal taka mið af því að tryggja öryggi og vellíðan barna og starfsfólks, svo sem hvað varðar húsbúnað, hljóðvist, lýsingu og loftræstingu. Gert skal sérstaklega ráð fyrir rými fyrir sérfræðiþjónustu vegna barna með sérþarfir og vinnuaðstöðu starfsfólks.⁵³

2.8.1. Leikskólinn

Skýrsluhöfundar skoðuðu húsnæði og umhverfi leikskólans í heimsóknnum sínum og studdust einnig við ýmis gögn. Leikbær er í um 130 m² húsnæði, sem var áður íbúðarhús en var breytt og lagað að þörfum leikskóla.⁵⁴ Samkvæmt námskrá er allur búnaður, húsnæði og lóð skoðað tvisvar á ári og úrbætur gerðar eftir þörfum.⁵⁵ Fyrir liggur eftirlitsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Norðurlands dags. 3.9.2010. Þar er sagt að húsnæðið hafi verið skoðað og sé „snyrtilegt og fínt og engar athugasemdir gerðar við það.“⁵⁶

Stjórnendur sögðu að húsnæðið mætti vera stærra og að vinnuaðstaða starfsmanna væri ekki góð. Rýmið sem ætlað er fyrir börnin væri að þeirra mati í lagi en bæta þyrfti hljóðeinangrun. Sökum þrengsla væri ekki hægt að taka öll foreldraviðtöl í leikskólanum en sum viðtöl hafa farið fram í grunnskólanum. Erfitt sé að hafa öll börnin inni í einu vegna hávaða.⁵⁷

Ekki er getið um fermetra á barn í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009 heldur segir þar að við skipulag og hönnun leikskóla skuli leitast við að tryggja börnum og starfsfólki skóla öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi. Er þar sérstaklega átt við hentugan húsbúnað, hljóðvist og lýsingu og fjölbreytni í náms- og leikaðstöðu og öðrum búnaði.⁵⁸ Að sögn fulltrúa hjá Heilbrigðiseftirlits Norðurlands hefur aldrei verið kvartað yfir hávaða á leikskólanum. Ef svo hefði verið hefðu verið gerðar hávaðamælingar.⁵⁹

Í reglugerð 655/2009 um starfsumhverfi í leikskólum segir að til nauðsynlegrar lágmarksaðstöðu í leikskólum teljist:

- *deildarrými og viðeigandi aðstaða, búnaður og tækjakostur fyrir leik, nám og hvíld barna samkvæmt lögum um leikskóla og aðalnámskrá leikskóla,*
- *rými fyrir sérfræðiþjónustu vegna barna með sérþarfir,*
- *fjölnotarymi til hreyfileikja, þjálfunar, listsköpunar og annarra viðburða,*
- *aðstaða til að neyta málsverða,*
- *aðskilin hreinlætisaðstaða fyrir börn og starfsfólk,*

⁵² Viðtal við leikskóla- og deildarstjóra, 13. apríl 2011.

⁵³ Lög um leikskóla nr. 90/2008, 12.gr.

⁵⁴ Upplýsingar frá fræðslu- og menningarsviði maí 2011.

⁵⁵ Námskrá. Leikbær 2007.

⁵⁶ Eftirlitsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Norðurlands 3.9.2010

⁵⁷ Viðtal við leikskóla- og deildarstjóra, 13. apríl 2011. Starfsáætlun 2011. Fræðslusvið Dalvíkurbyggðar.

⁵⁸ Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr.566/2009.

⁵⁹ Símtal við fulltrúa Heilbrigðiseftirlits Norðurlands 28. apríl 2011.

- þurrkaðstaða fyrir fatnað barna og starfsfólks,
- afmörkuð og skipulögð skólalóð með áherslu á sem mesta fjölbreytni í leik- og námsaðstöðu með tilliti til mismunandi aldurshópa og þarfa, þ.m.t. þarfa fatlaðra barna,
- vinnurými fyrir leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og annað starfsfólk,
- setustofa fyrir starfsfólk.⁶⁰

Aðstaða starfsmanna, sem er notuð fyrir kaffistofu, undirbúningsherbergi og foreldraviðtöl, er mjög lítil og það sama má segja um skrifstofu leikskólastjóra.⁶¹

Brunavarnir og slökkvitæki hafa verið yfirfarin reglulega og viðbragðsáætlun almannavarna liggur fyrir svo og rýmingaráætlun.⁶² Í eftirliti slökkviliðs Akureyrar í september 2010 kemur fram að brunaviðvörðunarkerfi Leikbæjar uppfylli ekki reglur Brunamálastofnunar og að stakur bílskúr uppfylli ekki kröfur Byggingareglugerðar. Þá er starfsfólk Leikskólans hvatt til að hafa rýmingaræfingar a.m.k. tvisvar á ári.⁶³

2.8.2. Umhverfi leikskólans og útileiksvæði

Leikbær er staðsettur í dreifbýli í nágrenni tveggja þéttbýliskjarna, Ársskógsstrandar og Hauganess. Stutt er í óspillta náttúru, fjöll og sjó og er umhverfið mikið notað í starfi skólans. Lóð leikskólans, sem er 983 m², er að sögn stjórnenda og starfsmanna óhentug þar sem hún er allt í kringum húsið og erfitt er að fylgjast með börnunum. Byrjað var að lagfæra útisvæðið s.l. sumar og átti að ljúka verkinu á komandi sumri en vegna hugmynda um að sameina leik- og grunnskóla á Ársskógsströnd verður ekki að því.⁶⁴

Leikskólalóðin er ætíð yfirfarin áður en börnin fara út á morgnana og gerðar reglulegar úttektir á henni.⁶⁵ Í úttekt Heilbrigðiseftirlits Norðurlands í september 2010 segir að góðar endurbætur hafi verið gerðar á lóðinni með „vottuðum rólum með öryggismottum undir og öryggismottur undir vegasalt og rugguhest, kastali lagaður, nýr sandkassi og jafnvægisslá.“ Það sem þarf að laga að mati eftirlitsins er að færa þarf norðurenda jafnvægisslár norðar og fjær hellukanti sandkassa.⁶⁶

2.9. Mat úttektaraðila

- Leiðarljós og stefna leikskólans eru skýr, í góðu samræmi við aðalnámskrá leikskóla og byggð á hugmyndum margra fræðimanna. Stefnan er nú til endurskoðunar í tengslum við gerð nýrrar skólanámskrár og leikskólastefnu sveitarfélagsins.

⁶⁰ Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655 /2009.

⁶¹ Vettvangsskoðun úttektaraðila 13.apríl 2011.

⁶² Viðbragðsáætlun almannavarna. Leikbær.

⁶³ Brunavarnir í leikskólum Dalvíkurbyggðar 2010.

⁶⁴ Viðtal við leikskóla- og deildarstjóra, 13.apríl 2011.

⁶⁵ Skólanámskrá. Leikbær 2007.

⁶⁶ Eftirlitsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Norðurlands 3.9.2010.

- Í stjórnun er lögð áhersla á þátttöku starfsmanna í ákvörðunum. Hlustað er á skoðanir þeirra, verkaskipting er nokkuð skýr og starfslýsingar eru fyrir flest störf.
- Ánægja foreldra með leikskólastjóra minnkaði milli ára 2008 og 2010. Jákvætt er að í kjölfarið sótti skólastjóri námskeið og ráðgjöf.
- Starfsandi er góður samkvæmt viðtölum við starfsmenn og stjórnendur en erfitt hefur reynst að gera kannanir innan leikskólans sökum þess hve fáir starfsmenn eru og auðvelt að rekja svör þeirra.
- Mörg þróunarverkefni eru í gangi í leikskólanum og mikill metnaður og faglegur stuðningur hjá Dalvíkurbyggð í skólaþróun. Hjá starfsmönnum og stjórnendum kom fram metnaður til góðra verka en líka ákveðinn „pírringur“ vegna fjölda verkefna sem skólinn ætti að taka þátt í. Þrátt fyrir að sveitarfélagið hafi komið til móts við leikskólann og aðra skóla með fleiri starfsdögum og undirbúningstíma leiðbeinenda telja úttektaraðilar að miðað við stærð Leikbæjar, stutts dvalartíma sumra barna, stöðugilda og óstöðugleika sem getur verið í mönnum leikskólakennara, væri æskilegra að skólinn einbeitti sér að færri þróunarverkefnum í einu sem væru valin í samvinnu við starfsfólk skólans. Miðað við skilgreiningu þróunarverkefna í aðalnámskrá er að mati úttektaraðila ólíklegt að svo fáir starfsmenn geti gert þeim skil á fullnægjandi hátt.
- Þróunarverkefni um útikennslu hefur metnaðarfull markmið en að mati úttektaraðila er innleiðing þess enn sem komið er ekki nægilega markviss og skilar sér ekki nægilega vel inn í daglegt starf og skipulag, m.a. með aðgerðum sem tengjast markmiðum og formlegra mati á hvernig til hefur tekist að ná þeim.
- Starfsáætlun sveitarfélagsins og skólans er metnaðarfullt og ítarlegt plagg og hefur m.a. verið rýnt af foreldraráði.
- Fjárhagslegur rekstur skólans er góður og leikskólastjóri stendur skil á umbeðnum gögnum til sveitarfélagsins.
- Húsnæði barnanna er ágætlega rúmgott og skólinn er vel búinn tækjum og leikföngum.
- Við vettvangsathugun kom í ljós að hljóðeinangrun er að mati úttektaraðila ekki nægilega góð í leikskólanum. Mikilvægt er að hávaðamælingar verði gerðar.
- Brunaviðvörðunarkerfi Leikbæjar uppfyllir ekki reglur Brunamálastofnunar og stakur bílskúr uppfyllir ekki kröfur Byggingareglugerðar.

- Útisvæði er rúmgott og hefur mikið verið bætt og uppfyllir nú að mestu leyti kröfur Heilbrigðiseftirlits. Skipulag lóðarinnar er hins vegar óhentugt m.t.t. öryggis barnanna m.a. vegna fjölgunar ungra barna. Lóðina þyrfti því að afmarka betur. Umhverfi leikskólans gefur tilefni til gönguferða og náttúruskoðunar í óspilltri og fjölbreyttri náttúru og hefur nýst skólanum vel í verkefni um útikennslu.

3. Skólanámskrá leikskóla

Í hverjum leikskóla skal gefa út skólanámskrá og er leikskólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá leikskóla og felur í sér uppeldis- og námsáætlun leikskóla þar sem markmið eru sett og skilgreindar leiðir að þeim markmiðum.⁶⁷

Skólanámskrá Leikbæjar er frá árinu 2007 og er hún aðgengileg á heimasíðu leikskólans. Þar er fjallað um forsendur starfsins og stefnu skólans, tilgreint er og því lýst hvað fer fram í tengslum við námsviðin; hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi og menning og samfélag. Fjallað er um ársáætlun, daglegt líf í leikskólanum, samstarf við heimilin, stjórnun og stjórnunarhætti, þróunarverkefni og mat á leikskólastarfi. Markmið og leiðir eru tilgreind við hvern kafla námskrárinnar.⁶⁸

Nú er unnið að endurskoðun námskrárinnar og stefnt að því að hún verði tilbúin í maí á þessu ári. Verið er að breyta skólanámskránni með tilliti til nýrra laga og leikskólastefnu sveitarfélagsins og þeirra þróunarverkefna sem í gangi eru. Gerð hefur verið aðgerðaráætlun um endurskoðun sem fræðslu- og menningarsvið fylgir eftir. Starfsmenn lesa yfir drög og geta komið með tillögur að breytingum. Foreldrar hafa einnig lesið yfir og komið með athugasemdir.⁶⁹ Ætlast er til þess af hálfu sveitarfélagsins að skólanámskrá sé endurskoðuð á hverju ári.⁷⁰

3.1. Skólanámskrá leikskólans Leikbæjar og tengsl við aðalnámskrá

Í núverandi námskrá Leikbæjar segir að starfið byggi á markmiðum og leiðum sem tilgreindar eru í aðalnámskrá leikskóla frá árinu 1999. Í leikskólanum er lögð áhersla á hreyfingu, leik og virðingu. Í námskránni er farið í alla þætti sem fram koma í aðalnámskrá, markmið þeirra og leiðir.⁷¹

3.2. Tengsl skólanámskrár skólastefnu sveitarfélags

Sveitarfélög ábyrgð á starfsemi leikskóla og eiga sveitarfélög að bera ábyrgð á heildarskipan skólahalds í leikskólum sveitarfélags og setja almenna stefnu um leikskólahald í sveitarfélagi og kynna fyrir íbúum þess.⁷²

⁶⁷ Lög um leikskóla nr. 90/2008.

⁶⁸ Skólanámskrá. Leikbær 2007.

⁶⁹ Viðtal við leikskóla- og deildarstjóra, 13. apríl 2011. Viðtal við starfsmenn Leikbæjar, 13. apríl 2011

⁷⁰ Viðtal við sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs og formann fræðslusviðs Dalvíkurbyggðar, 13. apríl 2011.

⁷¹ Skólanámskrá. Leikbær 2007.

⁷² Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Við endurskoðun á námskrá Leikbæjar hefur verið stuðst við drög að leikskólastefnu sveitarfélagsins en stefnan hefur nú verið samþykkt. Í stefnunni kemur fram að hver leikskóli skuli móta sér sína sérstöðu í samræmi við aldur barna sem þar dvelja og þeirri hugmyndafræði sem fram kemur í skólanámskrá hvers skóla en skuli hafa ákveðna sameiginlega þætti til hliðsjónar í starfi sínu. Þeir eru umhverfismennt og útivera, læsi, þroskahvetjandi starf, lýðræði, jafnrétti og mannréttindi.⁷³ Fram kom hjá stjórnendum leikskólans að ekki hafi alltaf verið tekið vel í athugasemdir þeirra við drög að leikskólastefnunni.⁷⁴ Talsmenn sveitarfélagsins sögðust ekki sammála þessu.⁷⁵

3.3. Áhersla á tiltekna þætti

Í skólanámskrá Leikbæjar segir að sérstök áhersla sé lögð á fjölmennarlega kennslu. Þetta sé gert með það að markmiði að nemendur verði færir um að takast á við fjölbreytileikann í samfélaginu almennt, meta hann og skilja kosti hans.⁷⁶ Í viðtali við stjórnendur kom fram að vegna breytta aðstæðna væru engin börn af erlendu bergi brotin í leikskólanum og því sé ekki lengur lögð áhersla á fjölmennarlega kennslu.⁷⁷

3.4. Hugmyndafræði

Eins og fram hefur komið byggir hugmyndafræði leikskólans byggir á kenningum, John Dewey, Friedrich Fröbel og Jean Piaget. Um hugmyndafræði þeirra segir í námskrá að samkvæmt John Dewey ættu börn að læra af eigin reynslu, virkni og áhuga. Friedrich Fröbel lagði áherslu á að leikurinn væri námstæki og að börnin lærðu að hugsa með því að uppgötva sjálf og Jean Piaget sagði proska barna eiga sér stað í samspili barnsins við hluti, fólk og viðfangsefni í umhverfinu þ.e. uppeldisumhverfisins. Í tengslum við fjölmennarlega kennslu hefur einnig verið stuðst við rit Guðrúnar Pétursdóttur, *Allir geta eitthvað, enginn getur allt. Fjölmennarleg kennsla frá leikskóla til framhaldsskóla.*⁷⁸

3.5. Sérstakar námskrár og sérstaða skólans

Námskrár geta verið mismunandi eftir því hvort gera á grein fyrir starfinu í heild eða einstökum þáttum þess. Leikskóli getur því einnig sett sér námskrár sem fjalla um afmarkaða þætti í leikskólastarfinu og skal kynna þær á sama hátt og skólanámskrána.⁷⁹

Engar sérstakar námskrár eru til í leikskólanum utan skólanámskrár.

3.6. Þátttaka og áhrif

Til að ná sem bestum árangri skal allt starfsfólk leikskóla taka þátt í gerð skólanámskrár á grundvelli starfsreynslu, lífsviðhorfa og faglegrar þekkingar.⁸⁰

⁷³ Leikskólastefna Dalvíkurbyggðar.

⁷⁴ Viðtal við leikskóla- og deildarstjóra, 13.apríl 2011

⁷⁵ Viðtal við sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs og formann fræðsluráðs 13. apríl 2011.

⁷⁶ Skólanámskrá. Leikbær 2007.

⁷⁷ Viðtal við leikskóla- og deildarstjóra, 13.apríl 2011.

⁷⁸ Skólanámskrá. Leikbær 2007.

⁷⁹ Aðalnámskrá leikskóla 1999:37.

⁸⁰ Aðalnámskrá leikskóla 1999:36.

Að sögn leikskólastjóra unnu starfsmenn leikskólans að núverandi námskrá sem skrifuð er í ákveðið sniðmát sem hannað var af ráðgjafarfyriretæki.⁸¹ Í viðtölum og á fundum með stjórnendum og starfsfólki kom fram að aðkoma starfsfólks að endurskoðun námskrárinnar hefði verið að lesa yfir drög og koma með athugasemdir.⁸²

3.7. Tengsl skólastiga

Mikilvægt er að samstarf sé á milli leikskóla og grunnskóla til að stuðla að samfelli í uppeldi og menntun barnsins og að það upplifi grunnskólann sem eðlilegt framhald af leikskólanum. Sérstaklega er mælt með því að skólastjórar leikskóla og grunnskóla hafi með sér samvinnu og skipuleggi samstarf milli skólastiganna og taki ábyrgð á samstarfinu.⁸³

Í skólanámskrá skal gera grein fyrir samstarfi milli leikskóla og grunnskóla og hvernig skuli standa að færslu og aðlögun barna milli skólastiga.⁸⁴

Mjög ítarlegur bæklingur er til um samstarf á milli leik- og grunnskóla. Hann var unnin á árunum 2002 - 2003 og endurskoðaður árið 2007. Markmið samstarfsins er að skapa samfelli í leik og starfi barna frá leikskóla til grunnskóla og auðvelda flutninginn á milli skólastiga. Í bæklingnum er einnig að finna sameiginleg markmið beggja skólastiga og er áherslan lögð á, málörvun, hreyfiproska og félagsprosa.⁸⁵ Af þessum þremur markmiðum er í námskrá Leikbæjar, í tengslum við samstarfið, aðeins lögð áhersla á hreyfiproska.⁸⁶ Stjórnendur töldu að unnið væri eftir því sem fram kæmi í bæklingnum. Samstarfið væri farið að ganga nokkuð vel en sögðu samstarfið of mikið á forsendum grunnskólans.⁸⁷ Fram fer munnlegt mat á samstarfinu þar sem leikskólastjóri, skólastjóri grunnskólans og deildarstjóri yngstu barnanna í grunnskólanum skoða hvað gengur vel og hvað má betur fara í starfinu.⁸⁸ Í fylgiskjali 2 sést hvernig samstarfinu er háttað.

3.8. Mat úttektaraðila

- Núverandi skólanámskrá er mjög vandað rit og uppfyllir kröfur laga og reglugerða um skólanámskrá þar sem markmið eru sett og skilgreindar leiðir að þeim markmiðum.⁸⁹ Í dag virðist skólinn hins vegar ekki vera að vinna samkvæmt henni og því er talsvert ósamræmi á milli þess sem þar kemur fram og starfsins nú.
- Skólanámskrá Leikbæjar hefur verið í endurskoðun m.a. út frá nýjum lögum og drögum að leikskólastefnu Dalvíkurbyggðar ásamt þeim verkefnum sem nú eru í gangi. Mikill metnaður

⁸¹ Viðtal við leikskóla- og deildarstjóra 13. apríl 2011.

⁸² Viðtal við leikskóla- og deildarstjóra, fundur með starfsfólki 13. apríl 2011.

⁸³ Aðalnámskrá leikskóla 1999:33.

⁸⁴ Lög nr. 90/2008 um leikskóla, 16. gr.

⁸⁵ Samstarf leik- og grunnskóla, 2007.

⁸⁶ Námskrá Leikbæjar, 2007

⁸⁷ Viðtal við leikskóla- og deildarstjóra og fundur með starfsmönnum 13.apríl 2011.

⁸⁸ Upplýsingar frá leikskólastjóra maí 2011.

⁸⁹ Lög um leikskóla nr. 90/2008, 14.gr.

er hjá fræðslufirvöldum í Dalvíkurbyggð sem hafa nú samþykkt nýja leikskólastefnu sveitarfélagins.

- Auka ætti aðkomu starfsmanna og foreldraráðs í vinnu við endurskoðun námskrárinnar sbr. lög um leikskóla. Ekki er að mati úttektaraðila nóg að þessir aðilar komi einungis að því að lesa yfir drög heldur ættu fleiri að koma að vinnunni sjálfri.
- Ítarlegur og faglegur bæklingur liggur fyrir um samstarf leik- og grunnskóla og tryggja þarf að samstarfið sé gagnkvæmt svo árangur verði sem mestur.

4. Námsvið og námsþættir aðalnámskrár

*Námssvið leikskóla eru áhersluþættir í leikskólauppeldi. Þau eru hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag.*⁹⁰

Í skólanámskrá Leikbæjar er komið inn á öll námssvið aðalnámskrár og tilgreind eru markmið og leiðir sem samþætt er daglegu starfi í leikskólanum.⁹¹

4.1. Hreyfing

*Í leikskóla ber því að leggja áherslu á hreyfingu barna og hreyfiuppeldi.*⁹²

Í skólanámskrá segir að markmið með hreyfingu sé að: að efla hreyfiproska barnsins, sjálfsmýnd þess, bæta heilsu og þor og efla líkamsvitund. Leiðir að markmiðum eru dagleg útvíst, leikfimi, gönguferðir og hreyfileikir. Einnig segir í námskrá að börnin skuli fara í leikfimistíma í íþróttasal grunnskólans einu sinni í viku og að starfsfólk skipuleggi æfingar í leiktækjum grunnskólans.⁹³

Eldri börnin fara í íþróttasal grunnskólans einu sinni í viku en yngri börnin eru í hreyfistundum í leikskólanum. Farið er í gönguferðir í næsta nágrenni við leikskólann. Lögð er áhersla á útvíst og fara eldri börnin í útiveru strax eftir morgunmat. Hreyfileikir, sem unnið er með í leikskólanum, eru að sögn stjórnenda „þessir gömlu og góðu.“⁹⁴ Starfsmenn sögðu að umhverfi leikskólans væri notað til að leyfa börnunum að hlaupa í móm, farið væri í trjáreit í næsta nágrenni þar sem þau gætu klífrað í trjám og einnig væri farið í lengri gönguferðir. Boðið hafi verið upp á útival en það hafi lagst af vegna snjóá í vetur en yrði tekið upp aftur. Þá er í þróunarverkefni um útikennslu lagt mikið upp úr hreyfingu.⁹⁵

⁹⁰ Aðalnámskrá leikskóla 1999.:19.

⁹¹ Skólanámskrá. Leikbær, 2007.

⁹² Aðalnámskrá leikskóla 1999.

⁹³ Skólanámskrá. Leikbær 2007.

⁹⁴ Viðtal við leikskóla- og deildarstjóra, 13.apríl 2011.

⁹⁵ Viðtal við starfsmenn Leikbæjar, 13.apríl 2011.

4.2. Málrækt

*...því ber að leggja áherslu á málrækt: í samtölum, með krefjandi spurningum, með því að lesa fyrir barnið, segja því sögur og kenna því kvæði og þulur. Einnig skal hvetja barn til að spyrja, segja frá og hlusta með athygli.*⁹⁶

Markmið málræktar er að efla málþroska barnsins, sjálfsbjargarviðleitni þess og að það geti tjáð sig með tali. Leiðirnar eru umræður, frjáls aðgangur að bókum, markviss málörvun og söngur, þulur og sögur. Einnig segir í námskrá að áhersla sé lögð á að ræða við börnin og fá þau til að ræða saman, einnig á matmálistímum. Þau séu hvött til að svara með heilum setningum þegar spurningum er beint til þeirra.⁹⁷ Að sögn stjórnenda hefur dregið úr notkun námsefnisins Markviss málörvun m.a. vegna breyttra kennsluhátta og að nú sé málörvun samþætt útikennslu. Lesið er fyrir börnin í sögustund frá 12.30-13:00 og í rólegri stund að morgni.⁹⁸ Starfsmenn sögðu að alltaf væri lesið í hvíld og í rólegum stundum. Í tengslum við verkefnið *Leikskólalæsi* væri lesið fyrir börnin, rætt um stafina og orð sett á hluti. Fastar málörvunarstundir eru eftir hádegi með þeim börnum sem eru á leikskólanum á þeim tíma. Þar er fengist við rímorð og samsett orð.⁹⁹

4.3. Myndsköpun

*Leikskóla ber að sjá börnum fyrir fjölbreyttum efniviði til myndsköpunar og leiðbeina og örva til sjálfstæðra verka.*¹⁰⁰

Skv. skólanámskrá eru markmið myndsköpunar að börnin kynnist fjölbreyttum efniviði og að efla fínhyfingar barnanna, samhæfingu augna og handa, tilfinningaþroska og sköpunarhæfni þeirra. Leiðir að þessu markmiði eru með vali í listakrók, frjálsu verkefnavali, frjálsum aðgangi að fjölbreyttum efniviði og listsköpun í hópastarfi. Einnig segir í námskrá hvar og hvernig myndsköpun á sér stað í dagskipulagi.¹⁰¹ Að sögn stjórnenda hefur ekki verið unnið mikið í tengslum við myndsköpun eftir að listasmiðja var færð út í bílskúr við hlið leikskólans þar sem aðstaða þar væri óviðunandi. Stefnt er að því að flytja listasmiðju aftur inn í leikskólann.¹⁰² Starfsmenn sögðu að skortur á aðstöðu hefði dregið úr myndsköpun en verið væri að flytja efni til myndsköpunar aftur inn í leikskólann.¹⁰³ Við vettvangsathugun kom í ljós að talsvert var af myndlist eftir börnin á veggjum. Þau höfðu m.a. klippt út, málað myndir og skreytt páskaegg.

4.4. Tónlist

*Leggja ber áherslu á að öll börn í leikskóla fái ríkuleg tækifæri til að njóta tónlistar og iðka hana.*¹⁰⁴

Markmið tónlistar er í skólanámskrá að efla fagurþroska, líkamshreyfingu og líkamstjáningu, efla hlustun og efla næmi fyrir hrynjanda og hljóðum. Leiðirnar eru að nota söngstundir, fjölbreytt

⁹⁶ Aðalnámskrá leikskóla 1999:20.

⁹⁷ Skólanámskrá. Leikbær 2007.

⁹⁸ Viðtal við leikskóla- og deildarstjóra, 13.apríl 2011.

⁹⁹ Viðtal við starfsmenn Leikbæjar, 13. apríl 2011. Upplýsingar frá leikskólastjóra maí 2011.

¹⁰⁰ Aðalnámskrá leikskóla 1999:45.

¹⁰¹ Skólanámskrá. Leikbær 2007.

¹⁰² Viðtal við leikskóla- og deildarstjóra, 13.apríl 2011.

¹⁰³ Viðtal við starfsmenn Leikbæjar, 13. apríl 2011.

¹⁰⁴ Aðalnámskrá leikskóla 1999:24

tónlistarval, hljóðfæraleik og með söng-, dans- og hreyfileikjum. Þetta skal gert í samverustundum, hópastarfi og í daglegu starfi.¹⁰⁵ Stjórnendur sögðu að hlustað væri á fjölbreytta tónlist. Danskennari kemur einu sinni í viku, í ellefu skipti, og kennir dans. Þetta er gert í samvinnu við foreldraráðið sem greiðir danskennsluna.¹⁰⁶ Samstarf er við tónlistarskóla Dalvíkurbyggðar og leikskóla byggðarlagsins um verkefni sem nefnist *Tónar eiga töframál*. Verkefnið hófst árið 2009 og felst í því að þremur elstu leikskólaárgöngunum er boðið upp á forskólakennslu í tónlist. Starfsmaður sem sinnir verkefninu er leikskólakennari sem kemur einu sinni í viku í leikskólana, syngur með börnunum, þjálfar þau í rytma og öðrum undirstöðupáttum frekari tónlistarnáms.¹⁰⁷ Starfsmenn sögðu þetta samstarf frábært og að börnin fengju m.a. að kynnast hljóðfærum sem væru ekki til á leikskólanum. Samstarfið hefði líka leitt til þess að þeir hefðu lært ýmislegt sem þeir nýttu í starfi sínu með börnunum.¹⁰⁸

4.5. Náttúra og umhverfi

Barn þarf að kynnast fjölbreytileika náttúrunnar, komast í lifandi tengsl við hana og njóta hennar...Í leikskóla ber að fræða börn um náttúruna, umhverfið og verndun þess. ...Einnig er ákjósanlegt að skapa tækifæri og aðstöðu í leikskóla til tilrauna og athugana barna.¹⁰⁹

Markmið leikskólans í tengslum við náttúru og umhverfi er að börnin kynnist fjölbreytileika náttúrunnar, að þau læri að njóta náttúrunnar og bera virðingu fyrir henni, fái tækifæri til að vinna úr ýmsum efniviði úr náttúrunni og að þau læri að þekkja helstu kennileiti og örnefni í nánasta umhverfi skólans. Leiðirnar eru vettvangsferðir, þar sem gengið er vel um náttúruna, og með umræðum og vangaveltum. Einnig segir í námskrá að áhersla sé lögð á að fræða börnin um náttúruna t.a.m. veðurfar, gróður og fuglaheiti.¹¹⁰

Meginmarkmið þróunarverkefnisins um útikennslu er að vekja áhuga leikskólabarna á umhverfi og náttúru og efla þroska, leik og sjálfstraust þeirra. Í tengslum við verkefnið er að sögn starfsmanna farið með þau í gönguferðir um nánasta umhverfi, ræktuð jarðarber, kartöflur o.fl.¹¹¹

4.6. Menning og samfélag

Leikskóla ber að nýta þau menningarlegu og félagslegu tækifæri sem umhverfi hans og staðsetning gefur kost á... Ýmsa atburði líðandi stundar ber að taka til umfjöllunar á leikskólum með ýmsum hætti...Leikskólanum ber að rækta virðingu barnanna fyrir öðrum, hver sem uppruni þeirra, lífsviðhorf, tunga og trúarbrögð er... Barn í leikskóla þarf að kynnast tölvu og læra að nota hana á sinn hátt... Tölvur skulu því vera til í leikskólum...¹¹²

Markmið Leikbæjar eru að börnin kynnist nærsamfélagi sínu og að þau læri að bera virðingu fyrir mismunandi menningu. Leiðir að markmiðum eru með umræðum um atvinnuvegi í samfélaginu,

¹⁰⁵ Skólanámskrá. Leikbær 2007.

¹⁰⁶ Viðtal við leikskóla- og deildarstjóra, 13.apríl 2011.

¹⁰⁷ Heimasíða Leikbæjar.

¹⁰⁸ Viðtal við starfsmenn Leikbæjar, 13. apríl 2011.

¹⁰⁹ Aðalnámskrá leikskóla 1999:26-27.

¹¹⁰ Skólanámskrá. Leikbær 2007.

¹¹¹ Upplýsingar í tölvupósti frá leikskólastjóra, apríl 2011.

¹¹² Aðalnámskrá leikskóla 1999: 27-29.

með heimsóknum í fyrirtæki, með umræðum um mismunandi menningu barnanna og með lestri bóka. Undir námssviðinu menning og samfélag er einnig fjallað um hátíðir og hefðir. Í námskrá segir að í íslensku þjóðlífi séu ýmsar hátíðir og hefðir sem börn kynnast og taka þátt í á heimilum sínum og í leikskólum. Í fylgiskjali 1 er að finna lista yfir þá hátíðis- og tyllidaga sem haldnir skulu hátíðlegir í leikskólanum.¹¹³ Stjórnendur nefndu að farið væri í heimsókn á bókasafnið tvisvar sinnum yfir skólaárið. Einnig væri farið í heimsókn í leikskólann Kátakot og samstarf væri við slökkvilið Dalvíkurbyggðar.¹¹⁴ Starfsmenn sögðu einnig frá kirkjuferðum og að leikskólinn fengi heimsókn frá minjasafni Akureyrar.¹¹⁵

Í aðalnámskrá leikskóla er lögð áhersla á að tölvur skuli vera í leikskólum.¹¹⁶ Ekki er vikið sérstaklega að tölvum í skólanámskrá en við vettvangsathugun kom í ljós að þrjár tölvur eru í leikskólanum og þar af ein fyrir börnin, staðsett á gangi. Stjórnendur sögðu að tölvunotkun barna hefði minnkað eftir að útikennsla hefði verið tekin upp.¹¹⁷ Starfsmenn sögðu að tölvunotkun væri lítil.¹¹⁸

4.7. Mat úttektaraðila

- Skv. skólanámskrá uppfyllir leikskólinn kröfur aðalnámskrár 1999 um áherslupætti námsviða í leikskólauppeldi en ekki er verið að vinna að öllu leyti eftir því sem fram kemur í námskrá skólans. Hún er nú í endurskoðun og þarf að tryggja í framtíðinni að unnið sé eftir henni.
- Börnin hafa aðgang að einni tölvu en að mati úttektaraðila þarf notkunin að vera meiri og markvissari og m.a. tengjast þeim verkefnum sem unnið er með hverju sinni.
- Meginmarkmið þróunarverkefnisins um útikennslu er að vekja áhuga leikskólabarna á umhverfi og náttúru auk þess að efla þroska, leik og sjálfstraust þeirra. Fram kom í máli starfsmanna að mjög mikil áhersla væri á útveru. Velta má fyrir sér hvort þessi mikla áhersla geti komið í veg fyrir að unnið sé á fullnægjandi þátt að öllum námssviðunum. Að mati úttektaraðila þarf því að skilgreina mun betur aðgerðir í útikennslu og hvernig þær tengjast námssviðunum en huga um leið að vægi frjálsa leiksins og hann sé sem fjölbreyttastur.

5. Dagskipulag og innra starf á leikskólanum

Í dagskipulagi leikskólastarfs þarf að ríkja jafnvægi á milli mismunandi þátta, á milli frjálsra og skipulagðra leikja, innleikja og útileikja, á milli félagslegra samskipta og einstaklingsverkefna og á milli hvíldar og þátttöku í leik og starfi. Skipulag og ákveðnar tímasetningar á daglegum atburðum gefa leikskólastarfinu festu og tryggja hæfilegan og samfelldan tíma til leikja og skapandi starfs.¹¹⁹

¹¹³ Skólanámskrá. Leikbær 2007.

¹¹⁴ Viðtal við leikskóla- og deildarstjóra, 13.apríl 2011.

¹¹⁵ Viðtal við starfsmenn Leikbæjar, 13. apríl 2011.

¹¹⁶ Aðalnámskrá leikskóla 1999.

¹¹⁷ Viðtal við leikskóla- og deildarstjóra, 13.apríl 2011.

¹¹⁸ Viðtal við starfsmenn Leikbæjar, 13. apríl 2011.

¹¹⁹ Aðalnámskrá leikskóla 1999:17

5.1. Uppeldi og menntun – dagskipulag á leikskólanum

Samkvæmt upplýsingum frá leikskólastjóra er dagskipulagið misjafnt eftir aldri barnanna (sjá fylgiskjal 3). Í námskrá Leikbæjar koma fram markmið og leiðir í tengslum við matartíma, fataklefa, samverustund, val, sögustund, útiveru og val.¹²⁰ Frjáls leikur inni hefur lítið pláss í dagskipulagi þar sem sá tími, sem ætlaður er í val, er einnig nýttur í hópastarf, leikfimi og málörvun og vinnu með fínhyreyfingar.

5.2. Hópatímar

Barn þarf að læra að leika sér og starfa í hópi sem það tilheyrir. Í hópleikjum öðlast barn skilning á gildi samvinnu og þroskar með sér samkennd og ábyrgðartilfinningu.¹²¹

Markmið hópatíma í Leikbæ er að börnin fái fjölbreytt verkefni sem hæfa aldri, þroska og áhuga hvers einstaklings, þau læri að bera virðingu hvert fyrir öðru, efla félagsþroska, þau læri að vinna saman í hópi, þau læri hvert af öðru og fái tækifæri til að aðstoða hvert annað. Leiðirnar eru með skipulögðum verkefnum og leikjum, þar sem unnið er með öll námsviðin, og með verkefnum sem reyna á samskiptahæfni barnanna, s.s. *Stig af stigi*, og með fjölbreyttu verkefnavali sem fangar hug þeirra.¹²² Að sögn stjórnenda er ekki unnið lengur með *Stig af stig*. Í staðinn er hafin innleiðing á *Uppeldi til ábyrgðar*.¹²³ Hópatímar eru samkvæmt dagskipulagi frá 10:00-12:00. Upplýsingar um hópaskiptingu og myndir frá hópastarfinu er að finna á heimasíðu leikskólans. Misjafnt er hvaða upplýsingar er um hvern hóp og aðeins er að finna vinnutilhögun fyrir hópastarfið fyrir tvo af fjórum hópum.¹²⁴

5.3. Leikurinn

Frjáls og sjálfsprottinn leikur er hið eðlilega tjáningarform barns.¹²⁵

Markmið leiksins í Leikbæ er að börnin fái tækifæri til að tjá tilfinningar sínar í gegnum leik, þau læri í gegnum leik og þau upplifi gleði í leik. Leiðirnar eru samfelldur tími og margvíslegum tækifærum til leiks, með leikföngum og ýmsum efnivið. Honum er ætlað að örva ímyndunar- og hlutverkaleiki, efla vitsmunaproska, samhæfingu, fín- og grófhreyfingar og að börnin fái að kynnast ólíkum eignum og efniviði.¹²⁶ Samkvæmt samtali við starfsmenn er val einu sinni í viku inni og einu sinni úti. Börnin velja fyrirfram ákveðin svæði og síðan fá þau leikfemi að eigin ósk. Svæðin sem eru í vali eru dýnukrókur, tómmt herbergi, tvö önnur rými og eldhúsið. Ekki fer fram skráning á vali barnanna. Það hafði verið gert en hefur verið hætt. Starfsmenn töldu að frjáls leikurinn hefði nægilegt rými í dagskipulagi leikskólans.¹²⁷ Í valinu eru notuð valtafla þar sem

¹²⁰ Námskrá Leikbæjar, 2007.

¹²¹ Aðalnámskrá leikskóla 1999:14.

¹²² Skólanámskrá. Leikbær 2007.

¹²³ Viðtal við leikskóla- og deildarstjóra, 13.apríl 2011.

¹²⁴ Heimasíða Leikbæjar. Slóð: <http://leikbaer.dalvik.is/>

¹²⁵ Aðalnámskrá leikskóla 1999:11.

¹²⁶ Skólanámskrá. Leikbær 2007.

¹²⁷ Viðtal við starfsmenn Leikbæjar, 13.apríl 2011.

svæðin hafa nöfn kennileita í nágrenni leikskólans.¹²⁸ Í viðtali við börnin kom fram að þau fengju að velja á milli þess að fara í sullukrók, dýnur og tölvur.¹²⁹

5.4. Leikefni og efniviður

*Börn þurfa vandaðan og fjölbreyttan leikfangakost og margvíslegan efnivið til skapandi starfa.*¹³⁰

Stjórnendur sögðu að áhersla væri lögð á að nota opin efnivið og að útikennsla og Grænfánaverkefnið hefði leitt til aukinnar áherslu á notkun hans.¹³¹ Við vettvangsathugun kom í ljós að til staðar er fjölbreyttur efniviður til skapandi starfa og leikja.

5.5. Mat úttektaraðila

- Allir þættir starfsins koma fram í dagskipulagi og er það lýsandi fyrir starfsemi leikskólans. Skipulag og ákveðnar tímasetningar á daglegum atburðum gefa starfinu festu og tryggja hæfilegan og samfelldan tíma til leikja og skapandi starfs sbr. aðalnámskrá.¹³²
- Mikill tími virðist fara í hópastarf, leikfimi og skipulagða útiveru og því má velta fyrir sér hvort nægur tími sé fyrir frjálsan leik inni sem úti, sem er aðeins einu sinni í viku, þar sem til staðar er leikefni og aðbúnaður sem örvar leik barnanna, frumkvæði þeirra og virkni, ásamt öðrum viðfangsefnum sbr. aðalnámskrá.¹³³
- Mikið er af myndum úr hópastarfinu á heimasíðu leikskólans og þar sést að fjölbreytt starf fer fram í hópatímunum. Mikilvægt er að á heimasíðu liggja fyrir áætlun eða vinnutilhögun fyrir alla hópana í hópastarfi sem sé í samræmi við önnur verkefni leikskólans.
- Leikefni er fjölbreytt, efniviður til skapandi starfa er góður en huga þarf að betri aðstöðu fyrir skapandi starf og listir.

6. Innra mat

*Hver leikskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 17. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, barna og foreldra eftir því sem við á. Leikskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.*¹³⁴

Í skólanámskrá er að finna matsáætlun leikskólans en þar segir að Ecers matslisti sé lagður fyrir leikskólakennara að hausti og yfir veturinn sé unnið að endurbótum á ákveðnum þættum byggt á niðurstöðum og umræðum. Að vori séu sömu þættir endurmetnir. Í námskrá eru einnig tilgreind viðmið mennta- og menningarmálaráðuneytis fyrir sjálfsmat og hvaða atriði skulu metin.¹³⁵

¹²⁸ Viðtal við leikskóla- og deildarstjóra, 13.apríl 2011.

¹²⁹ Viðtal við börn í Leikbæ, 13. apríl 2011.

¹³⁰ Aðalnámskrá leikskóla 1999:13.

¹³¹ Viðtal við leikskóla- og deildarstjóra, 13.apríl 2011.

¹³² Aðalnámskrá leikskóla 1999:17

¹³³ Aðalnámskrá leikskóla 1999:13

¹³⁴ Lög um leikskóla 90/2008,18. gr.

¹³⁵ Námskrá Leikbæjar, 2007.

Samkvæmt upplýsingum frá leikskólastjóra hefur Ecers kvarðinn ekki verið notaður og áætlun um innra mat hefur ekki verið framkvæmd. Fræðslu- og menningarsvið Dalvíkurbyggðar gerði viðhorfskönnun meðal starfsmanna árið 2010. Til er umbótaáætlun byggð á niðurstöðum hennar. Helstu þættir sem vinna á í að laga eru m.a. stjórnun, upplýsingagjöf til foreldra, að börnin fái áskoranir við hæfi og haldið verði áfram þróunarstarfi í tengslum við útikennslu og læsi. Samskiptalofvog er mælitæki sem hefur verið notuð til að meta tengsl starfsmanna og barna en sumir starfsmenn könnuðust ekki við að hafa notað hana. Skráning á sér stað í tengslum við hópastarfið og gert er þroskamat á eldri börnunum en val barnanna er ekki skráð.¹³⁶ Gerðar voru kannanir meðal foreldra í Leikbæ 2008 og 2010. Í kjölfar síðari könnunarinnar liggur fyrir umbótaáætlun sem unnið er eftir.¹³⁷

6.1. Mat úttektaraðila

- Í skólanámskrá er metnaðarfull áætlun um innra mat og er miður að henni skuli ekki hafa verið framfylgt nægilega.
- Innra mat skólans þarf að skilgreina upp á nýtt og tengja betur nýrri skólanámskrá, þróunarverkefnum og stefnu sveitarfélagsins og auka þarf skráningu.

7. Mannauður

*Sveitarstjórn eða annar rekstaraðili tekur ákvörðun um fjölda og samsetningu starfsmannahópsins í samráði við leikskólastjóra. Ákvörðunin skal byggjast á mati og tillögum leikskólastjóra og miðast við aldur, þarfir og fjölda barna.*¹³⁸

7.1 Fjöldi starfsmanna, stöðugildi og menntun

Í leikskólanum eru sex fastir starfsmenn: þrjú leikskólakennarar og þrjú leiðbeinendur, þar af einn garðyrkjufraeðingur. Auk þess er leiðbeinandi í afleysingum. Stöðugildi fastra starfsmanna er 4,6. Hlutfall leikskólakennara af stöðugildum er tæp 33%. Stjórnendur töldu það kost að hlutfall leikskólakennara væri þetta hátt og leiddi það til meiri faglegrar umræðu.¹³⁹ Til samanburðar má geta þess að hlutfall leikskólakennara á Norðurlandi eystra árið 2010 er 42% og í Reykjavík er hlutfallið 29%. Þegar landshlutarnir eru skoðaðir nánar sést að hlutfallslega flestir leikskólakennarar, af starfsmönnum við uppeldi og menntun, starfa á Norðurlandi eystra (49%) og hefur það hlutfall verið að minnsta kosti 40% síðan árið 2005.¹⁴⁰ Í heild eru tæp fjögur stöðugildi (hér er búið að draga frá hálfu stöðugildi í stjórnun) í Leikbæ, sem sinna starfi með börnunum, auk starfsmanns í afleysingum. Fjöldi barna pr. stöðugildi við uppeldi og menntun, miðað við 24 börn, er því vorið 2011 6,0, var árið 2010 5,4 og er örlítið meira en í öðrum

¹³⁶ Upplýsingar frá leikskólastjóra. mars 2011. Viðtal við starfsmenn, 13.apríl 2011

¹³⁷ Könnun á viðhorfi foreldra 2008. Heimasíða Leikbæjar.

¹³⁸ Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009.

¹³⁹ Viðtal við leikskóla- og deildarstjóra, 13.apríl 2011.

¹⁴⁰ Hagstofa Íslands. Sótt 25.mái 2011 af <http://hagstofa.is/Hagtolur/Skolamal/Leikskolar>

leikskólum sveitarfélagsins.¹⁴¹ Miðað við 21 barn er fjöldi barna pr. stöðugildi hins vegar 5,25. Fjöldi barna pr. stöðugildi á landsvísu var árið 2009 5,2.¹⁴² Leikbær hefur frá árinu 2010 tekið inn yngri börn en áður eða frá níu mánaða aldri. Leikskólastjóri er í 50% stjórnunarstöðu og leikskólakennari sinnir sérkennslu í 50% starfi. Allir ófaglærðir starfsmenn fá undirbúningstíma, 2 klst. á viku.

7.2. Verkaskipting og starfslýsingar

Til staðar eru starfslýsingar fyrir leikskólastjóra, deildarstjóra, leikskólakennara, að undanskildum þeim sem sinnir sérkennslu, og leiðbeinendur. Starfslýsingarnar byggja á starfslýsingum frá Kennarasambandi Íslands.¹⁴³ Að sögn starfsmanna er verkaskipting starfsmanna skýr í leikskólanum.¹⁴⁴

7.3. Starfsþjálfun og símenntun

Í starfsmannastefnu Dalvíkurbyggðar, sem leikskólinn starfar eftir, er eitt af markmiðunum „að tekið sé faglega á starfsmannamálum hjá sveitarfélaginu og þar þróist fagþekking, verkunnátta og starfsánægja“. Forstöðumenn skulu reglulega gera símenntunaráætlun fyrir vinnustaðinn og hvern starfsmann og starfsmannasamtöl notuð sem vettvangur fyrir áætlunina. Þá ber starfsmönnum að taka þátt í þeirri símenntunaráætlun sem útbúin er fyrir þá.¹⁴⁵ Verið er að vinna að starfsmannahandbók Leikbæjar og mun hún taka mið af starfsmennastefnu Dalvíkurbyggðar.¹⁴⁶

Skrifleg símenntunaráætlun fyrir Leikbæ og einstaka starfsmenn liggur ekki fyrir. Að sögn stjórnenda leikskólans er starfsmönnum sagt frá áhugaverðum námskeiðum en leikskólastjóri taldi að færri námskeið væru í boði fyrir ófaglærða en leikskólakennara. Haustið 2010 fór fimm starfsmenn leikskólans til Svíþjóðar í náms- og kynningarferð um útikennslu. Undanfarin tvö ár hafa starfsmenn sótt námskeið um *Uppeldi til ábyrgðar*, kynningar um leikskólalæsi og stærðfræðiverkefni og útikennslunámskeið. Leikskólastjóri sótti námskeið um starfsþróunarsamtöl að frumkvæði sveitarfélagsins og er gert ráð fyrir því að þau verði notuð í framtíðinni.¹⁴⁷ Fjallað er um starfsmannasamtöl í námskrá leikskólans.¹⁴⁸ Árið 2009 átti stjórnandi samtalið við 67% starfsmanna og síðastliðið vor voru tekin tvö viðtöl.¹⁴⁹ Vegna fjölda

¹⁴¹ Starfsáætlun 2011. Fræðsluvið Dalvíkurbyggðar.

¹⁴² Hagtíðindi 2010.

¹⁴³ Skólanámskrá Leikbæjar, 2007.

¹⁴⁴ Fundur með starfsmönnum Leikbæjar 13.apríl 2011.

¹⁴⁵ Starfsmannastefna Dalvíkurbyggðar.

¹⁴⁶ Viðtal við leikskólastjóra og deildarstjóra, 13.apríl 2011.

¹⁴⁷ Viðtal við leikskólastjóra og deildarstjóra, 13.apríl 2011. Viðtal við sviðsstjóra fræðslu og menningarsviðs Dalvíkurbyggðar og formann fræðsluráðs 13. apríl 2011

¹⁴⁸ Námskrá Leikbæjar, 2007.

¹⁴⁹ Starfsáætlun 2011. Leikbær. Fræðsluvið Dalvíkurbyggðar. Viðtal við leikskólastjóra og deildarstjóra, 13. apríl 2011.

þróunarverkefna og fræðslu þeim tengda hefur verið samþykkt af fræðsluráði að greiða starfsmönnum tilfallandi auka tíma í yfirvinnu.¹⁵⁰

Starfsþjálfun nýrra starfsmanna á að fara þannig fram skv. skólanámskrá að nýtt starfsfólk sé látið lesa það efni sem til er um starfið og það rætt. Gert er ráð fyrir að nýir starfsmenn fylgist með starfinu í tvo daga. Stefnan er að leikskólastjóri og deildarstjóri ræða við nýjan starfsmann en það hefur ekki gengið eftir að þeirra sögn vegna álags og breytinga í starfsmannahópnum.¹⁵¹ Nýir starfsmenn sögðust hafa fengið góða leiðsögn frá öðrum starfsmönnum skólans og allir starfsmenn sögðust hafa lesið námskrá leikskólans.¹⁵²

7.4. Fundir og boðskipti

Leikskólastjóri og deildarstjóri reyna að funda einu sinni í viku. Starfsmannafundir fara bæði fram að degi til og á kvöldin. Gert er ráð fyrir fjórum klst. á mánuði fyrir starfsmannafundi 10 mánuði skólaársins. Þegar starfsmannafundir eru í dagvinnu lokar leikskólinn kl. 12:15. Þessi fundir eru fjórum sinnum á hverju skólaári. Fjórir starfsdagar eru á ári og þar af eru tveir námskeiðsdagar. Á fundum og starfsdögum er rætt um þróunarverkefnin, sótt námskeið, rætt um foreldrasamstarfið og daglegt starf. Einnig hafa starfsdagar verið notaðir til að heimsækja aðra leikskóla og til námsferða.¹⁵³ Í hópi starfsmanna var ríkjandi viðhorf að starfsdagar færu að of miklu leyti í námskeið, fyrirlestra og endurmenntun sem ekki tengdist að nógu miklu leyti starfi leikskólans eða eins og einn starfsmaður sagði: „Hvernig hentar að vinna hér.“¹⁵⁴

7.5. Jafnrétti

Í leiðarljósi Leikbæjar er markmiðið m.a. að börnin beri virðingu fyrir mismunandi menningu fólks og umhverfi. Ekki er fjallað sérstaklega um jafnrétti í skólanámskrá en skólinn lagði sérstaka áherslu á fjölmenningu í mörg ár eins og áður hefur komið fram. Jafnréttisáætlun Dalvíkurbyggðar 2005 – 2008 liggur fyrir¹⁵⁵ og í mannréttindastefnu sveitarfélagsins kemur fram að óheimilt sé „að mismuna fólki vegna kyns og markvisst skal unnið gegn allri mismunun og hamlandi áhrifum staðlaðra ímynda kynjanna. Framlag hvers og eins skal metið að verðleikum án tillits til kyns viðkomandi.“¹⁵⁶ Enginn karlmaður starfar í leikskólanum.

7.6. Mat úttektaraðila

- Hlutfall leikskólakennara í Leikbæ er undir því hlutfalli sem er á Norðurlandi eystra en hærra en hlutfall þeirra er í Reykjavík.
- Starfslýsingar liggja fyrir í flestum störfum og unnið er að gerð starfsmannahandbókar.

¹⁵⁰ Upplýsingar frá sviðsstjóra fræðslu- og menningar sviðs Dalvíkurbyggðar 3.mai 2011

¹⁵¹ Viðtal við leikskólastjóra og deildarstjóra, 13.apríl 2011.

¹⁵² Viðtal við starfsmenn, 13.apríl 2011.

¹⁵³ Viðtal við leikskóla- og deildarstjóra, 13.apríl 2011.

¹⁵⁴ Viðtal við starfsmenn, 13.apríl 2011.

¹⁵⁵ Jafnréttisstefna Dalvíkurbyggðar 2005 – 2008.

¹⁵⁶ Mannréttindastefna Dalvíkurbyggðar.

- Tími til fundarhalda er nokkuð rúmur og starfsdögum fer fjölgandi. Athygli vekur að leikskólinn lokar fjórum sinnum á ári hálfan daginn vegna starfsmannafunda. Úttektaraðilar velta fyrir sér hvort þetta skerði ekki þjónustu við foreldra.
- Starfsmannasamtöl hafa ekki farið fram reglulega en mikilvægt er svo verði sbr. starfsmannastefnu sveitarfélagsins.
- Símenntunaráætlun leikskólans liggur ekki fyrir en skv. lögum um leikskóla og starfsmannastefnu sveitarfélagsins skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að mótun áætlunar um hvernig símenntun starfsfólks skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur leikskóla, sveitarfélags og skólanámskrár.¹⁵⁷ Endurmenntun starfsmanna er að mestu leyti í tengslum við þau þróunarverkefni sem í gangi eru, sem má telja eðlilegt, en einnig þarf að huga að fræðsluþörfum einstakra starfsmanna..
- Jákvætt er að vilji er til þess hjá sveitarfélaginu að greiða í sérstökum tilfellum fyrir símenntun í yfirvinnu.
- Ekki er fjallað sérstaklega um jafnrétti í skólanámskrá en skólinn hefur lagt áherslu á það verkefni um fjölmenningu og í leiðarljósum sínum. Mikilvægt er að ný skólanámskrá taki mið af jafnrétti sbr. lög um leikskóla og jafnréttisáætlun og mannréttindastefnu sveitarfélagsins.
- Móttaka og þjálfun nýrra starfsmanna þyrfti að vera formlegri og til ætti að vera skriflegt móttökuférli.

8. Börnin

Í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla segir að ákvörðun um fjölda barna skuli taka mið af „samsetningu barnahópsins, dvalartíma barna dag hvern, aldri þeirra og þörfum, samsetningu starfsmannahóps og umfangi sérfræðiþjónustu.“¹⁵⁸

Þegar úttektin fór fram voru 24 börn í leikskólanum, 23 í leikskólavist, fjórtán drengir og níu stúlkur. Auk þess var eitt barn er í skólavistun. Meðaltal vetrarins hefur þó verið 21 – 22 börn.¹⁵⁹

	4 klst.	4,5 klst.	5 klst.	5,5 klst.	6 klst.	6,5 klst.	7 klst.	8 klst.	8-9 klst.	Samtals
Leikbær	3	1	1	2	9	2	1	1	4	24

Tafla 1. Vistunartími í Leikbæ í apríl 2011.

8.1. Líðan

Rætt var við sex börn í elstu deild leikskólans, þrjár stúlkur og þrjá drengi. Börnin sögðu að það væri skemmtilegt í leikskólanum. Þeim fannst skemmtilegast að læra að smíða, lita, mála, þrjóna,

¹⁵⁷ Lög um leikskóla 90/2008, 7. gr. Starfsmannastefna Dalvíkurbyggðar.

¹⁵⁸ Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655 /2009.

¹⁵⁹ Upplýsingar frá leikskólastjóra maí 2011.

læra stafi, róla og hjóla.¹⁶⁰ Í könnun meðal foreldra vorið 2010, voru tæp 87% foreldra mjög sammála og rúm 14% frekar sammála því að barni sínu liði vel á leikskólanum. Í könnun sem gerð var 2008 var ekki sambærileg spurning. Foreldrar sem rætt var við töldu að börnunum liði vel í leikskólanum.¹⁶¹

8.2. Lýðræði

*...leggja skal grundvöll að því að börnin verði sjálfstæðir, hugsandi, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun.*¹⁶²

Aðspurð sögðust börnin ekki fá að ráða neinu nema hvernig þau teiknuðu og lituðu. Þau sögðu að þeir stærrí réðu meira en þeir litlu.¹⁶³ Stjórnendur bentu á áhrif barnanna í Grænánaverkefninu þar sem þeir eiga fulltrúa í ráði tengdu því.¹⁶⁴ Í tengslum við lýðræði í leikskólanum sögðu foreldrar að börnin fengju að ráða í Valinu.¹⁶⁵

8.3 Mat úttektaraðila

- Börnunum virðist almennt líða vel í leikskólanum að sögn þeirra sjálfra, foreldra og starfsmanna. Þau virtust ánægð og sögðu frá mörgu skemmtilegu sem þau væru að gera. Mikilvægt er að mat á líðan barnanna fari reglulega fram.
- Komið er til móts við lýðræðislega þátttöku barnanna í skólastarfinu með því að elstu börnin eru þátttakendur í nefnd um Grænánaverkefni. Í Vali fá þau að ráða þau með hvaða leikfni þau vinna. Börnin virðast hins vegar ekki upplifa ekki að þau ráði miklu í leikskólanum og því telja úttektaraðilar að huga þurfi betur að því hvernig uppfylla megi ákvæði aðalnámskrár um að lagður sé grundvöllur að því í leikskólastarfi að börnin verði sjálfstæðir, hugsandi, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi.

9. Foreldrar

*Foreldrar leikskólabarna skulu gæta hagsmuna barna sinna. Þeir skulu hafa náið samráð við starfsfólk leikskóla og fylgjast með skólagöngu barna sinna og veita þær upplýsingar sem kunna að skipta máli fyrir skólastarfið og velferð barna. Foreldrar skulu jafnframt eiga rétt á upplýsingum um skólastarfið og stöðu barna sinna. Eigi í hlut foreldrar sem tala ekki íslensku eða nota táknmál skal skóli leitast við að tryggja þeim túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla samkvæmt þessari grein.*¹⁶⁶

Í námskrá Leikbæjar koma fram markmið foreldrasamstarfsins:

- að leikskólinn og foreldrar vinni saman að velferð barnsins.
- að gagnkvæmur trúnaður ríki milli starfsmanna og foreldra.

¹⁶⁰ Viðtal við börn í Leikbæ, 13. apríl 2011.

¹⁶¹ Viðtal við foreldra í Leikbæ, 13. apríl 2011.

¹⁶² Aðalnámskrá leikskóla 1999:17

¹⁶³ Viðtal við börn í Leikbæ, 13. apríl 2011.

¹⁶⁴ Viðtal við leikskóla- og deildarstjóra, 13.apríl 2011.

¹⁶⁵ Viðtal við foreldra, 13.apríl 2011.

¹⁶⁶ Lög um leikskóla nr. 90/2008, 12. gr.

- að foreldrar séu velkomnir í leikskólann.¹⁶⁷

Stjórnendur sögðu mjög gott foreldrasamstarf í Leikbæ og tóku foreldrar og starfsmenn undir það. Þetta sjónarmið kemur einnig fram í könnun meðal foreldra árið 2008.¹⁶⁸ Í könnun fræðsluviðs frá 2010 kom fram mikil jákvæðni og ánægja foreldra í garð leikskólans.¹⁶⁹

9.1. Foreldraráð

*Kjósa skal foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið...Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi*¹⁷⁰

Foreldraráð er starfandi við leikskólann og má lög ráðsins finna á heimasíðu hans.¹⁷¹ Í því sitja þrjár konur. Til samanburðar má geta þess að hlutfall kynja í foreldraráðum íslenskra leikskóla er 80,1% konur og 19,9% karlar.¹⁷² Ráðið fundar reglulega og heldur aðalfund að hausti. Rætt er m.a. um uppákomur sem ráðið tekur þátt í að skipuleggja og eins hefur leikskólastjóri fundað með ráðinu um skóladagatal.¹⁷³ Fulltrúar úr foreldraráði sögðu að samstarfið við leikskólann gengi vel. Þeir nefndu að foreldraráðið hefði m.a. farið yfir námskrána sem nú er verið að endurskoða með leikskólastjóra. Ráðið hefur gefið leikskólanum gjafir og stendur fyrir fjáröflun til að standa straum af því og til að greiða m.a. fyrir danskennslu í leikskólanum.¹⁷⁴

9.2. Foreldrafélag

Ekki er starfandi sérstakt foreldrafélag heldur gegnir foreldraráð bæði hlutverki foreldrafélags og foreldraráðs.

9.3. Lýðræði og þátttaka

Foreldraráðið hefur farið yfir drög að nýrri námskrá með leikskólastjóra. Fulltrúar foreldra sögðu að foreldrar væru ævinlega velkomnir í leikskólann. Í könnun meðal foreldra vorið 2008 sögðust 73% vera mjög sammála og 27% frekar sammála því starfsmenn uppfylli óskir sínar varðandi þarfir barnsins síns. Í könnun meðal foreldra 2010 eru sömu tölur rúm 67% og tæp 29%.¹⁷⁵

9.4. Samskipti heimilis og leikskólans

Til er myndræn foreldrahandbók sem tekur til allra þátta leikskólastarfsins. Hún er frá árinu 2001 og var endurskoðuð í mars 2011.¹⁷⁶ Um leið og barni býðst leikskóladvöl boðar leikskólastjóri foreldra í fyrsta viðtal sendir gögn til foreldra.¹⁷⁷ Í könnun á viðhorfi foreldra til skólans árið 2008

¹⁶⁷ Skólanámskrá Leikbær 2007.

¹⁶⁸ Viðhorfskönnun. Leikbær 2008.

¹⁶⁹ Viðhorfskönnun til foreldra leikskólabarna í Dalvíkurbyggð 2010.

¹⁷⁰ Lög um leikskóla nr. 90/2008, 11. gr.

¹⁷¹ Foreldrar. Heimasíða Leikbæjar.

¹⁷² Könnun meðal leikskólastjóra á innleiðingu og framkvæmd laga um leikskóla. Unnið fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

¹⁷³ Viðtal við leikskóla- og deildarstjóra, 13.apríl 2011.

¹⁷⁴ Viðtal við foreldra, 13.apríl 2011.

¹⁷⁵ Viðhorfskönnun til foreldra leikskólabarna í Dalvíkurbyggð 2010.

¹⁷⁶ Heimasíða Leikbæjar. Slóð: <http://leikbaer.dalvik.is/>

¹⁷⁷ Skólanámskrá Leikbæjar.

kom fram mikil ánægja foreldra með upplýsingagjöf við upphaf skólagöngu barnsins.¹⁷⁸ Ný nálgun við aðlögun barna var innleidd árið 2010. Byggt er á fullri þátttöku foreldra þá daga sem aðlögun stendur yfir og ætlast til að starfsfólk og börn byggja sameiginlega upp þekkingu.¹⁷⁹ Foreldrar nefndu að aðlögun barnanna hefði gengið vel.¹⁸⁰

Foreldraviðtöl eru haldin í afmælistíð barnsins og upplýsingakerfið Mentor er notað til skráninga á upplýsingum um nemendur og einnig til að upplýsa foreldra. Í könnun meðal foreldra árið 2010 voru allir foreldrar mjög sammála því að foreldraviðtöl væru markviss og árangursrík.¹⁸¹ Mjög góð mæting er á uppákomur í leikskólanum, einnig í foreldrakaffi og ömmu- og afakaffi.¹⁸² Fréttabréfið er myndrænt og er að finna á gangi í leikskólanum og á heimasíðu hans.¹⁸³

Heimasíða leikskólans geymir fjölbreyttar upplýsingar handa foreldrum. Lögð er áhersla á myndir úr starfinu og lítinn texta svo allir geti fylgst með starfinu, jafnt börn sem fullorðnir og fólk af erlendum uppruna.¹⁸⁴ Eitt foreldri taldi að alltof mikið væri af myndum af starfinu á heimasíðu leikskólans og ekki væri hugað nægilega að flokkun þeirra að gæðum þeirra.¹⁸⁵ Upplýsingatafla er á gangi og eru þar skráðar daglega fréttir af vali og hópastarfi, bæði myndrænt og með texta. Matseðill er birtur bæði á heimasíðu og gangi og þar er einnig að finna upplýsingar um starfsmenn og viðveru þeirra.¹⁸⁶ Í viðhorfskönnun meðal foreldra 2008 kom fram að almennt voru foreldrar ánægðir með upplýsingamiðlun skólans. Þeir þættir sem þörfuðust endurskoðunar voru örfáir og hefur leikskólinn unnið að umbótum þar á m.a. með því að kynna foreldrum í fyrsta viðtali hvernig upplýsingaflæði er háttað og hvar ýmsar upplýsingar er að finna.¹⁸⁷ Í könnun meðal foreldra árið 2010 hefur ánægja foreldra með upplýsingamiðlun minnkað.¹⁸⁸ Síðan þá hefur foreldrahandbók verið uppfærð.

Foreldrar sögðu vilja til þess hjá foreldraráðinu til að þýða foreldrahandbókina til að gera hana aðgengilega fyrir foreldra með annað tungumál en íslensku. Fulltrúarnir höfðu áhyggjur af því að á svæðinu væru fimm börn á leikskólaaldri af erlendu bergi brotin sem ekki væru í skólanum. Þeir töldu það m.a. vera vegna þess að upplýsingar skorti um leikskólann fyrir þessa foreldra.¹⁸⁹

9.5. Mat úttektaraðila

- Foreldraráð er starfandi frá árinu 2008 og hefur komið að ýmsum málum, s.s. að því að rýna skólanámskrá.

¹⁷⁸ Viðhorfskönnun 2008. Leikbær.

¹⁷⁹ Starfsáætlun 2011. Leikbær. Fræðsluvið Dalvíkurbyggðar.

¹⁸⁰ Viðtal við foreldra, 13.apríl 2011.

¹⁸¹ Viðhorfskönnun til foreldra leikskólabarna í Dalvíkurbyggð 2010.

¹⁸² Viðtal við starfsmenn, 13.apríl 2011.

¹⁸³ Fréttabréf Leikbæjar.

¹⁸⁴ Viðtal við foreldra, 13.apríl 2011, Starfsáætlun 2011. Leikbær. Fræðsluvið Dalvíkurbyggðar, Heimasíða Leikbæjar

¹⁸⁵ Viðtal við foreldra, 13.apríl 2011.

¹⁸⁶ Viðtal við foreldra, 13.apríl 2011, Starfsáætlun 2011. Leikbær. Fræðsluvið Dalvíkurbyggðar, Heimasíða Leikbæjar.

¹⁸⁷ Viðhorfskönnun 2008. Leikbær.

¹⁸⁸ Viðhorfskönnun til foreldra leikskólabarna í Dalvíkurbyggð 2010.

¹⁸⁹ Viðtal við foreldra, 13.apríl 2011.

- Ánægja virðist meðal foreldranna með skólann og góð samvinna um uppeldri barnanna. Þetta kom fram í könnunum á meðal þeirra árin 2008 og 2010.
- Upplýsingaflæði til foreldra er mjög gott og fjölbreytt m.a. með myndrænni heimasíðu, foreldrahandbók og fréttabréfi. Að mati úttektaraðila þarf að huga betur að því að samræmi sé í upplýsingagjöf á heimasíðu um hópatíma í leikskólanum.

10. Sérkennsla barna og sérfræðipjónusta sveitarfélagsins

Leikskólinn á að taka tillit til þarfa hvers einstaks barns svo að það fái notið sín í hópi annarra barna á eigin forsendum.¹⁹⁰

Til er sérkennslustefna fyrir leikskóla í Dalvíkurbyggð. Stefnan var unnin í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2008 og aðalnámskrá leikskóla frá 1999. Hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar og fjölskyldumiðaðrar þjónustu var höfð að leiðarljósi við mótun stefnunnar. Stefnan var unnin vorið 2010 og samþykkt á fundi fræðsluráðs í maí það ár. Skv. sérkennslustefnunni ber leikskólastjóri „ábyrgð á að þjónustan sé veitt en felur umsjónina starfsmanni innan leikskólans sem hefur sérþekkingu á proska barna eða fulltrúa frá sérfræðipjónustu leikskólans.“¹⁹¹

Á Leikbæ sér leikskólakennari um sérkennslu fjóra tíma á dag. Leikskólinn hefur aðgang að talmeinafræðingi sem veitir ráðgjöf, þroskaþjálfu og einnig er sálfræðingur starfandi á vegum sveitarfélagsins. Þegar talið er þörf á að barn fái sérkennslu búa þroskaþjálfu og sérkennslufulltrúi til áætlun sem unnið er eftir í skólanum. Notað er Hljóm 2 próf til að kanna hljóðkerfisvitund elstu barnanna.¹⁹²

10.1. Samstarf við heilsugæslu og sérfræðipjónusta sveitarfélagsins

Leikskólinn á að taka tillit til þarfa hvers einstaks barns svo að það fái notið sín í hópi annarra barna á eigin forsendum.¹⁹³

Á vegum sveitarfélaga skal rekin sérfræðipjónusta fyrir leikskóla. Í sérfræðipjónustu felst annars vegar stuðningur við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi leikskóla og starfsfólk þeirra. Leikskólastjóri skal samræma innan hvers leikskóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra barna skv. 21. gr. Jafnframt skal hafa samráð við félagsþjónustu sveitarfélaga vegna málefna einstakra barna eftir því sem þurfa þykir.¹⁹⁴

Fræðsluvið Dalvíkurbyggðar skipuleggur lögbundna sérfræðipjónustu og veitir öllum skólum sveitarfélagsins faglega og rekstrarlega ráðgjöf ásamt aðstoð við úrlausn einstaklingsmála. Markmið ráðgjafarinnar er „að gera skólustarf öflugra og starfsfólk sjálfstæðara við úrlausn viðfangsefna sem upp koma í daglegu starfi.“¹⁹⁵

¹⁹⁰ Aðalnámskrá leikskóla 1999:15.

¹⁹¹ Stefna leikskóla Dalvíkurbyggðar í að mæta sértækum þörfum barna. Fræðslu- og menningarsvið: Dalvíkurbyggð.

¹⁹² Viðtal við leikskóla- og deildarstjóra, 13. apríl 2011.

¹⁹³ Aðalnámskrá leikskóla 1999:15.

¹⁹⁴ Lög um leikskóla 90/2008, 21. og 22. gr.

¹⁹⁵ Leikskólustefna Dalvíkurbyggðar -drög

Gott samstarf er við heilsugæsluna um forvarnir og úrlausnir sem felst m.a. í því að ef upp kemur við þroskamát hjá heilsugæslunni að ástæða sé til að fylgja því eftir er haldin samráðsfundur með nemendaverndarráði sem í eiga sæti leikskólastjóri, kennsluráðgjafi, sérkennslufulltrúi og starfsmaður heilsugæslunnar. Þetta er þó aðeins gert með samþykki foreldra.¹⁹⁶ Nemendaverndarráð fundar annars fjórum sinnum á skólaárinu.¹⁹⁷

Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs Dalvíkurbyggðar og einn sérfræðingur á sviðinu veita leikskólum faglegan stuðning og ráðgjöf við nýbreytni og skólaþróun og sinna eftirliti. Starfsmennirnir eru grunnskólakennarar, sviðsstjóri er auk þess viðskiptafræðingur með meistaragráðu í stefnumótun og stjórnun og sérfræðingurinn er að ljúka námi í sérkennslu og öðlast með því réttindi leikskólakennara.¹⁹⁸

10.2. Mat úttektaraðila

- Vel er staðið að stuðningi við börn með sérþarfir á leikskólanum sbr. aðalnámskrá og stefnu sveitarfélagsins en leikskólakennari sér um starfið í samstarfi við sérfræðinga og stofnanir utan skólans.
- Sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins er fjölbreytt og eftirfylgni góð. Í úttektinni kemur fram að hún hefur nýst leikskólanum vel. Samskipti við Heilsugæsluna eru góð.
- Sveitarfélagið leggur sig fram um að veita skólum faglegan stuðning. Í úttektinni kom fram það viðhorf hjá stjórnendum og starfsmönnum leikskólans að sérfræðingar, sem væru grunnskólakennarar, vissu ekki alltaf hvað væri leikskólanum fyrir bestu. Í lögum um leikskóla frá 2008 segir að á vegum sveitarfélagsins skuli „starfa sérfræðingar í leikskólamálum er veita leikskólum ráðgjöf og stuðning við nýbreytni og skólaþróun“¹⁹⁹ Núverandi kennsluráðgjafi leikskólasviðs er að ljúka námi í sérkennslu og öðlast þar með leikskólaréttindi og telja úttektaraðilar því að sveitarfélagið uppfylli þetta ákvæði. Hins vegar má velta fyrir sér hvort aukið samráð við leikskólastjóra og leikskólakennara og sérhæfð ráðgjöf þeirra gæti komið til móts við þetta sjónarmið starfsmanna Leikbæjar.

11. Mat og eftirlit sveitarfélagsins

Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahlads, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.²⁰⁰

¹⁹⁶ Viðtal við leikskóla- og deildarstjóra, 13. apríl 2011.

¹⁹⁷ Viðtal við sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs og formann fræðsluráðs 13. apríl 2011

¹⁹⁸ Upplýsingar frá sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs maí 2011.

¹⁹⁹ Lög um leikskóla 90/2008, 23. gr

²⁰⁰ Lög um leikskóla 90/2009, 19. gr.

Hlutverk fræðslu- og menningarsviðs Dalvíkurbyggðar er m.a. eftirlitshlutverk tengt lögum og mati á gæðum skólastarfsins. Það á jafnframt að stuðla að því að nemendum líði vel, þeir fái kennslu við hæfi og verði sem sterkastir einstaklingar að skólagöngu liðinni. Sviðið á einnig að fylgja því eftir að fjármunum til fræðslumála sé varið á skilvirkan hátt og stuðla að framþróun kennsluhátta í Dalvíkurbyggð.²⁰¹

Sviðið hefur markað skýrar áherslur í starfi leikskóla og samþykkt hefur verið leikskólafelagsveitarfélagsins. Starfsmannastefna og mannréttindastefna sveitarfélagsins liggja einnig fyrir. Ytra mat fræðslu- og menningarsviðs felst m.a. í því að það fylgir því eftir að rekstrar- og ársáætlun sé skilað og samþykkir þær, gerir viðhorfskannanir og fylgist með framvindu á endurskoðun skólanámskrár. Fræðsluráð fer yfir ársáætlun leikskólans að hausti. Þá fundar sviðsstjóri reglulega með leikskólastjórum. Jafnframt fer kennsluráðgjafi í heimsóknir í leikskólana kemur með ábendingar um hvað er vel gert og hvað megi endurskoða í framhaldinu. Að sögn sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs Dalvíkurbyggðar hefur Leikbær ávallt staðið skil á ársáætlun og fjárhagsáætlun.²⁰² Sviðið stóð einnig fyrir viðhorfskönnunum meðal starfsmanna á leikskólum árið 2010. Ýmsir gallar komu fram við framkvæmd könnunarinnar, m.a. var talið að svörin væru rekjanleg til þátttakanda og var þátttaka lítil í viðhorfskönnunum á meðal starfsmanna Leikbæjar og niðurstöður því ekki nægjanlega marktækar.²⁰³

11.1. Mat úttektaraðila

- Vel er staðið að eftirliti fræðslu- og menningarsviðs Dalvíkurbyggðar, bæði rekstrarlega og faglega, með stefnu, ítarlegri starfsáætlun allra skólanna og með eftirfylgni með skilum á rekstraráætlun, starfsáætlun og skólanámskrá og eftirliti og ráðgjöf kennsluráðgjafa.
- Mikilvægt er að kanna viðhorf starfsmanna og foreldra með reglubundum hætti og finna þarf áreiðanlegar leiðir til þess.

12. Niðurstöður höfunda

Í þessari skýrslu hefur verið gerð grein fyrir niðurstöðum á úttekt á leikskólanum Leikbæ í Dalvíkurbyggð. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerðar og aðalnámskrá leikskóla. Aflað var upplýsinga með heimsóknum í leikskólann, viðtölum við stjórnendur og starfsmenn, í hópi foreldra og rýnihópi barna, á fundi með formanni fræðsluráðs og sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs.

²⁰¹ Heimasíða Dalvíkurbyggðar.

²⁰² Viðtal við sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs og formann fræðslusviðs Dalvíkurbyggðar 13. apríl 2011.

²⁰³ Viðtal við sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs og formann fræðslusviðs Dalvíkurbyggðar 13. apríl 2011. Viðtal við leikskóla- og deildarstjóra 13. apríl 2011.

12.1 Styrkleikar og veikleikar, ógnanir og tækifæri

Í rýnihópum og viðtölum voru stjórnendur, starfsmenn, foreldrar og fulltrúar sveitarfélagsins spurðir út í styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri leikskólans Leikbæjar. Hér að neðan má sjá helstu niðurstöður úr viðtölum við þessa aðila ásamt niðurstöðum úttektaraðila.

Styrkleikar	Veikleikar	Ógnanir	Tækifæri
Skýr stefna og markmið og mjög vel gerð skólanámskrá	Húsnæði uppfyllir ekki reglugerð um aðbúnað starfsmanna og fullnægir hvorki kröfum um brunavarnir né byggingareglugerðir	Fá börn	Sameining leik- og grunnskóla
Þróunarverkefni um útikennslu, staðsetning skólans og náttúran umhverfis hann	Ekki er unnið nægilega markvisst út frá skólanámskrá	Atvinnumál á svæðinu	Faglegur metnaður sveitarfélagsins
Lýðræðisleg stjórnun og þátttaka starfsmanna í ákvörðunum og innra starfi	Markmið með útikennslu og tengsl verkefnis við námsþætti og daglegt starf er ekki nægilega skilgreind		
Allir starfsmenn hafa undirbúningstíma	Leikskólinn er mjög lítil eining með fáum starfsmönnum sem gerir það að verkum að erfitt getur reynst fyrir skólann að sinna þeim verkefnum sem metnaður starfsmanna og sveitarfélags stendur til og skapar því mikið álag		
Ánægja foreldra og starfsmanna með skólalastarfið	Ekki virðist ríkja traust á milli leikskólastjóra og fræðslu- og menningarsviðs		
Mjög góð upplýsingamiðlun til foreldra	Innra mat er ekki nógu markvisst		

12.2. Tillögur til úrbóta

1. Húsnæði leikskólans uppfyllir ekki kröfur um aðbúnað í leikskólum og því ætti að huga að því að gera gagngerar endurbætur á núverandi húsnæði eða annað það sem tryggir að aðbúnaður uppfylli ákvæði reglugerðar.
2. Þróunarverkefnum verði fækkað og þau valin í samstarfi og samvinnu við starfsmenn. Innleiðing og framkvæmd taki mið af aðstæðum og metnaði starfsfólks leikskólans. Með þessu móti getur leikskólinn einbeitt sér betur að hverju verkefni til aukins árangurs.
3. Skilgreina þarf ítarlegar markmið og leiðir í þróunarverkefni um útikennslu og tengja þannig betur námsþáttum aðalnámskrár, skólanámskrá og daglegu starfi leikskólans.
4. Mikilvægt er að við endurskoðun og gerð nýrrar skólanámskrár taki hún m.a. mið af því starfi sem fram fer í leikskólanum.

5. Til staðar ætti að vera markmið og leiðir fyrir alla hópa í leikskólanum og tengja hópastarfið betur markmiðum leikskólans.
6. Skoða þarf fleiri leiðir til að auka lýðræðislega þátttöku barnanna í skólastarfinu og kanna reglulega líðan þeirra.
7. Bæta og samræma þarf upplýsingar á milli hópa á heimasíðu þannig að foreldrar allra barna fái sömu upplýsingar varðandi starfið.
8. Mat á innra starfi þarf að efla og fylgja betur eftir, m.a. með aðgerðaráætlun.
9. Tryggja þarf að starfsmannasamtöl fari fram, að símenntunaráætlun verði gerð út frá þörfum leikskólans og hvers og eins starfsmanns og að móttaka nýliða verði formlegri.
10. Finna þarf leiðir til að skapa traust milli leikskólans og fræðslu- og menningarsviðs, t.d. með gagnkvæmu samráði.
11. Lóð leikskólans þarf að afmarka þannig að öryggi barna sé tryggt og starfsfólk geti haft yfirsýn yfir hana.

13. Heimildaskrá

1. Aðalnámskrá leikskóla, 1999. Reykjavík, menntamálaráðuneytið.
2. Brunavarnir í leikskólum Dalvíkurbyggðar 2010. Slökkvilið Akureyrar. Eldvarnaeftirlit.
3. Leikskólastefna Dalvíkurbyggðar 2011.
4. Eftirlitsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Norðurlands 3.9.2010.
5. Foreldrahandbók Leikbæjar.
6. Fréttabréf Leikbæjar. Sótt 27. maí 2011 <http://leikbaer.dalvik.is/2010-2011/frettabref/frettabrefmai2011.pdf>
7. Hagtíðindi 2010. Skólamál. Sótt 25.maí 2011 af <https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=11121>
8. Heimasíða leikskólans Leikbæjar. Slóð:<http://leikbaer.dalvik.is/>
9. Heimasíða Dalvíkurbyggðar. Slóð: <http://dalvik.is/>
10. Heimasíða Hagstofu Íslands. Sótt 25.maí 2011 af <http://hagstofa.is/Hagtalur/Skolamal/Leikskolar>
11. Jafnréttisáætlun Dalvíkurbyggðar 2005 – 2008.
12. Leikskólastefna Dalvíkurbyggðar. Sótt 27. maí 2011 af <http://www.dalvikurbyggd.is/resources/Files/PDF/Fraedslusvid/leikskolastefna-samthykkt-f--heimasidu.pdf>
13. Lög um leikskóla nr. 90/2008.
14. Mannréttindastefna Dalvíkurbyggðar. Sótt 27.04.2011 <http://www.dalvik.is/resources/Files/PDF/080916-Mannrettindastefna.pdf>
15. Námskrá Leikbæjar, 2007.
16. Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla 655/2009.
17. Starfsáætlun 2011. Leikbær. Fræðslusvið Dalvíkurbyggðar.
18. Starfsmannastefna Dalvíkurbyggðar. Sótt 27. 04. 11 af <http://www.dalvik.is/Stjornsysla/Fjarmala--og-stjornsyslusvid/Starfsmannastefna-Dalvikurbyggdar/>
19. Stefna leikskóla Dalvíkurbyggðar í að mæta sértækum þörfum barna. Fræðslu- og menningarsvið: Dalvíkurbyggð Sótt 27. 04. 11 af <http://www.dalvik.is/resources/Files/PDF/Leikskoli.serkennslustefna.pdf>
20. Viðbragðsáætlun almannavarna. Leikbær.
21. Viðhorfskönnun 2008. Leikbær.
22. Viðhorfskönnun til foreldra leikskólabarna í Dalvíkurbyggð 2010.

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1. Hátíðar- og tyllidagar í Leikbæ.

Fiskidagurinn mikli. (2. helgi í ágúst). Börnin skreyta leikskólann í tilefni dagsins.

Afmælisdagur Leikbæjar er 19. september.

Evrópskur tungumáladagur (26. sept) Börnin syngja lög á erlendum tungumálum

Dagur íslenskrar tungu. (16. nóvember) Börnin undirbúa þennan dag með því að læra íslensk ljóð sem þau síðan flytja í samveru.

Kirkjuheimsókn. Á aðventunni er farið í Stærra-Árskógskirkju, þar sem sóknarpresturinn sér um aðventustund með börnunum eða kemur í aðventuheimsókn í leikskólann.

Jólatrésskemmtun er haldin rétt fyrir jól. Þá fara börn og foreldrar ásamt starfsfólki leikskólans í félagsheimilið í íþróttasal grunnskólans. Foreldrafélag Leikbæjar sér um allan undirbúning að jólatrésskemmtuninni en leikskólakennarar leikskólans aðstoða foreldra og taka þátt í henni. Dansað er í kringum jólatré, jólasveinn kemur og færir börnunum gjafir.

Vetrarsólstöður. Nýlega byrjað að halda upp á þennan dag og verið að móta hefð í tengslum við hann.

Þorablót er haldið í janúar eða febrúar. Þá er foreldrum boðið að koma í leikskólann og smakka á hefðbundnum þorramat með börnunum. Á þorranum eru sungnir söngvar sem tilheyra þeim árstíma.

Bolludagur. Þennan dag hafa börnin undirbúið með því að búa til bolluvendi. Þau fá einnig að borða bollur sem þau hafa sjálf tekið þátt í að baka.

Sprennidagur. Samkvæmt gamalli hefð fá börnin saltkjöt og baunir að borða þennan dag.

Öskudagur. Foreldrafélag Leikbæjar stendur fyrir rútuferð milli fyrirtækja á Árskógsströnd, Árskógssandi og Hauganesi. Börn, leikskólakennarar og þeir foreldrar (sem tók hafa á,) klæða sig í ýmsa búninga og syngja fyrir starfsfólk fyrirtækjanna sem gefur börnunum góðgæti. Í lok ferðarinnar er því síðan skipt milli barnanna og þau fara með það heim.

Vetrarleikar eru haldnir síðari hluta vetrar og eru foreldrar velkomnir. Þá er farið í nærliggjandi brekku og t.d. rennt sér á þotum. Að því loknu er boðið upp á heitt kakó og kleinur og öll börnin fá viðurkenningu fyrir þátttöku í leikunum.

Vorsýning. Á vorin er haldin listmunasýning. Þá er aðstandendum barnanna boðið að koma í leikskólann og skoða afrakstur vetrarstarfsins. Foreldrafélag leikskólans sér um kaffisölu þennan dag og skipuleggur sýninguna í samráði við leikskólakennara.

Sveitaferð. Farið er í heimsókn á sveitabæ í nágrenninu á einkabílum með leyfi foreldra. Börnin fá að fylgjast með lífinu í fjárhúsunum, stundum eru þau svo heppin að sjá þegar lömb koma í heiminn. Þau fá einnig að sjá t.d. hesta, kanínur, hænur, ketti, hunda og kýr.

Vorferð. Foreldrafélag leikskólans sér um að bjóða börnunum í þá ferð og skipuleggur hana. Starfsfólk, foreldrar og börn fara á fyrirfram ákveðinn stað til að skemmta sér saman. Markmiðið er að efla samstarf foreldra og leikskólans. Stundum hefur t.d. verið farið í Kjarnaskóg og grillað eða í sundlaugina á Þelamörk.

Útskriftarferð. Elstu börnin fara í óvissuferð í maí.

Sjómanna dagur. Nýlega byrjað að halda upp á þennan dag og verið að móta hefð í tengslum hann.

17. júní. Þjóðhátíðardagurinn er undirbúinn með umræðum um eðli og uppruna dagsins. Börnin útbúa fána sem þau skreyta skólann með og taka með sér heim.

Jónsmessa. Nýlega byrjað að halda upp á þennan dag og verið að móta hefð í tengslum hann.

Afmæli barnanna. Þegar börnin eiga afmæli koma þau með góðgæti að heiman, t.d. ís eða köku. Þau fá kórónu sem starfsfólk hefur búið til og sunginn er afmælissöngurinn. Afmælisbarnið sér um að leggja á borð og stjórna söngstund.

Uppákomur. Einu sinni í mánuði gera starfsfólk og börn sér dagamun með ýmsum uppákomum. T.d. er málningardagur, rugludagur, útivistardagur, náttfatadagur, föndurdagur, hjóladagur, ranghverfu- og litadagur leikjadagur, rafmangslaus dagur, vettvangsferð og bakstur í tengslum við ýmsa tyllidaga.

Fylgiskjal 2. Samstarf leik- og grunnskóla veturinn 2010-2011

Dags	Tími		Ábyrgðarmaður
<u>September</u>			
13. Mánud.	10:30	1. og 2. bekkur í heimsókn á útisvæði leiksk.	Hópstjóri leiksk.
<u>Október</u>			
4. Mánud.	10:25	1. - 4. bekkur, . bekkur og börn	Umsjónark.
-		f. 2005-2006 í gönguferð	Hópstj. leiksk.
11. Mánud.	10:30	Elstu börn leikskóla í heimsókn í frímínútur í grunnskóla.	
20. Miðvikud.	9:15-10:00	5. bekkur kemur sem aðstoð á vinnusvæðum í leikskólanum.	Hópstjórar leiksk.
<u>Nóvember</u>			
1. Mánud.	kl. 8:00	Börn fædd 2005 í leikfimi með 1. og 2. bekk.	Íþróttakennari
22. Mánud.	kl. 10:30	1. og 2. bekkur í heimsókn á útisvæði leiksk.	Hópstj. leiksk.
<u>Desember</u>			
17. Föstud.	09:00	Börn f. 2005 á Litlu jól grunnskólans	Deildarstj. grunnsk.
<u>Janúar</u>			
13. Fimmtud.	10:30	Börn f. 2005 í heimsókn til skólastjóra grunnskóla.	Deildarstj. grunnsk.
24. Mánud.	10:30-11:30	5. bekkur á útisvæði leikskólans	Hópstjóri leiksk.
<u>Febrúar</u>			
14. Mánud.	10:00	1. og 2. bekkur og börn f. 2005-2006, útivistardagur, sleðaferð eða vetrarleikar leikskólans.	Umsjónark. Hópstj. leiksk.
28. Mánud.	10:30	7. bekkur, upplestur. Fer fram á skólabókasafninu	Umsjónark.
<u>Mars</u>			
2. Miðvikud.	10:25-11:25	Börn f. 2005 í heimsókn til Krístrúnar og 1. bekkjar	Umsjónark.
<u>Apríl</u>			
7. Fimmtud.	10:00	3 og 4 bekkur, leikskólab. Sjá æfingu fyrir skólaskemmtun	Umsjónark.
8. Föstud.	08:00	Börn f. 2005 í heimsókn til Krístrúnar.	Umsjónark.
11. Mánud.		Börn fædd 2005 í leikfimi með 1. og 2. bekk.	Íþróttakennari

28. Fimmtud.	14:00	Undirbúningsfundur í Árskógarskóla fyrir þemadag í maí.	Umsjónark. Hópstj leiksk Myndmenntak.
---------------------	-------	---	---

Maí

5. Fimmtud.	09:05-11:25	1. og 2. bekkur og börn f. 2005-2006, þemavinna.	Umsjónark. Hópstj. leiksk. Myndmenntak.
--------------------	-------------	--	---

Júní

1. Miðvikud.	17:30	Börn f. 2005 boðið á skólaslit.	Deildarstjóri
---------------------	-------	---------------------------------	---------------

Fylgiskjal 3. Dagskipulag í Leikbæ²⁰⁴

Eldri börn

07:45 Morgunmatur/Róleg stund
08:30 Útivera
09:50 WC/ ávextir/söngur
10:00 Val/Hópastarf/Leikfimi
12:00 Hádegisverður
12:30 Sögustund/Hvöld
13:00 Málörvun/Fínhreyfvinna
14:00 Útivera
15:00 Síðdegishressing

Yngri börn

07:45 Morgunmatur/Róleg stund
08:30 Útivera
09:50 WC/ ávextir/söngur
10:00 Val/Hópastarf/Leikfimi
12:00 Hádegisverður
12:30 Sögustund/Hvöld
13:00 Málörvun/Fínhreyfvinna
14:00 Útivera
15:00 Síðdegishressing

²⁰⁴ Upplýsingar frá leikskólastjóra maí 2011.